



UMHVERFISSKÝRSLA | **OR**
2016

Útgefandi

Orkuveita Reykjavíkur

Ritstjórar

Hólmfríður Sigurðardóttir og Þorsteinn Ari Þorgeirsson

Ljósmyndir

Bjarni Lindal Snorrason
Fjóla Jóhannesdóttir
Einar Örn Jónsson
Gretar Ívarsson
Hildur Ingvarsdóttir
NordicPhotos / Getty Images
Magnea Magnúsdóttir
Unnur Jónsdóttir
Valur Heiðar Sævarsson
Þórður Kristinn Jóhannesson
Ægir Lúðvíksson

Hönnun útlits og umbrot

Auglýsingastofan Hvíta húsið

Prentun

Pixel – Umhverfissvottuð prentsmiðja





Efnisyfirlit

Helstu umhverfisverkefni	4
Orðskýringar	6
Inngangur	7
Umhverfis- og auðlindastefna og þýðingarmiklir umhverfisþættir	8
Ábyrg auðlindastýring	11
Stýring vinnslu á háhitasvæðum	12
Stýring vinnslu á lághitasvæðum	14
Land undir virkjanir og önnur athafnasvæði	15
Verndun neysluvatns	16
Gagnsemi veitna	19
Aðgangur að fjölbreyttri notkun háhita	20
Aðgangur að rafveitu	21
Aðgangur að hitaveitu	22
Aðgangur að vatnsveitu	24
Aðgangur að fráveitu	26
Aðgangur að gagnaveitu	27
Áhrif losunar	29
Losun jarðhitavatns og eftirlit með grunnvatni	30
Losun brennisteinsvetnis	34
Losun koltvísýrings, vetnis og metans	37
Jarðskjálftar vegna losunar affallsvatns	38
Losun frárennslis frá hreinsistöðvum	39
Losun frárennslis um yfirföll	41
Áhrif í samfélaginu	43
Miðlun þekkingar á hagnýtingu jarðvarma og öðrum þáttum í starfseminni	44
Innkaup	45
Reksturinn	47
Úrgangur	48
Samgöngur	49
Mannvirki og umgengni	51
Efnanotkun	52
Aðrir umhverfisþættir	53
Framleiðsla, eigin notkun og kolefnisspor	55
Framleiðsla og eigin notkun	56
Kolefnisspor samstæðu OR	57
Yfirlýsing stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur	60
Áritun endurskoðanda	61
Viðaukar	63

Helstu umhverfisverkefni

Umhverfismál eru mikilvægur þáttur í samfélagsumræðunni og frammistaða Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfélaga á því sviði skiptir máli. Hér er stiklað á stóru um framvindu helstu umhverfisverkefna sem unnið var að árið 2016.

Markverður árangur 2016



VEITUR OG ORKA NÁTTÚRUNNAR

- Vatnsveitur Veitna og Orku náttúrunnar tryggðu íbúum og fyrirtækjum á veitusvæðinu heilnæmt neysluvatn.



ORKA NÁTTÚRUNNAR

- Hverahlíðarlögn var tekin í notkun á árinu og styður við orkuforðann og rekstur Hellisheiðarvirkjunar þannig að unnt var að hvíla hluta vinnslusvæðis virkjunarinnar. En betur má ef duga skal.
- Um 95% af jarðhitavatninu frá Hellisheiðarvirkjun hefur verið skilað niður í niðurdælingarsvæðin við virkjunina en ljóst er að auka þarf afköstin enn frekar.
- Rannsóknir sýna að dreifð og hófleg niðurdæling á Hellisheiði vinnur á móti þrýstingslækkun í jarðhitageyminum og getur aukið vinnsluhæfni hans.
- Áfram var nýjum og árangursríkum aðferðum beitt við endurheimt staðargróðurs og frágang vegna rasks á Hellisheiði.
- Stækkun lofthreinsistöðvarinnar við Hellisheiðarvirkjun lauk í júlímánuði. Tæplega 50% af brennisteinsvetninu voru hreinsuð frá virkjuninni árið 2016.
- Rúmlega 20% af árlegri koltvioxíðslosun frá Hellisheiðarvirkjun voru bundin varanlega í jarðlögum við virkjunina.
- Orka náttúrunnar hlaut hæsta styrk sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið veitti árið 2016 til uppbyggingar innviða fyrir rafvæðingu samgangna.



VEITUR

- Unnið var að því að auka vatns- og gufuöflun í Hveragerði. Jarðhitakerfið að Laugalandi í Holtum var rannsakað frekar til að unnt verði að auka heitavatnsöflun hjá Rangárveitu á Suðurlandi.
- Framkvæmdum lauk að mestu við nýjar hreinsistöðvar fráveitu á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi. Á öllu safnsvæði Veitna eiga íbúar og atvinnulíf þess nú brátt kost að tengjast veitukerfi eða hreinsivirki.



OR OG ORKA NÁTTÚRUNNAR

- Verkefnið „Gas í grjót“ vakti heimsathygli þegar grein birtist um niðurstöður þess í tímaritinu Science sem er útbreitt og þekkt vísindatímarit. Greinin fjallar um CarbFix loftslagsverkefnið sem unnið hefur verið að við Hellisheiðarvirkjun frá árinu 2007.

Viðfangsefni sem unnið er að



VEITUR OG ORKA NÁTTÚRUNNAR

- Tryggja ábyrga stýringu á vinnslu úr vatnslindum og leggja ríka áherslu á vatnsvernd og gæði neysluvatns.



ORKA NÁTTÚRUNNAR

- Ná betri tókum á stýringu á vinnslu úr jarðhitasvæðunum við Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun.
- Setja í forgang að ná fullum tókum á losun jarðhitavatns við Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun.
- Leggja áfram áherslu á góðan frágang og endurheimt raskaðra svæða á Hellisheiði í samvinnu við leyfisveitendur.
- Hvetja til fjölbreyttrar notkunar á varma, rafmagni og jarðhitagasi frá Hellisheiðarvirkjun.



VEITUR

- Auka vatns- og gufuöflun í Hveragerði, auka afkastagetu Rangárveitu á Suðurlandi og halda áfram rannsóknum á öflun heits vatns fyrir Hitaveitu Akraness og Borgarness.
- Athuga hvaða aðferðir muni henta til að ná örplasti úr skólpi og regnvatni.
- Tryggja að lagnakerfi fráveitu í Skerjafirði í Reykjavík anni rennsli á mestu álagstímum.



OR

- Halda áfram rannsóknum á bindingu brennisteinsvetnis og koltvíoxíðs í berglögum.
- Laga gönguleiðir við Ölkelduhnúk og upp af Reykjadal norður frá Hveragerði sem hafa látið á sjá vegna umferðar ferðafólks.



OR OG DÓTTURFÉLÖG

- Nýta innviði, afurðir, þekkingu og burði OR og dótturfélaga til að auka hlutvistvænna samgangna og draga úr losun gróðurhúsalofts frá samgöngum.

Orðskýringar

Jarðhitageymir	Afmarkað rúmmál af heitu bergi sem inniheldur nýtanlegan jarðhitavökva.
Jarðhitalofttegundir	Gastegundir í jarðhitavökva og eru að mestu koltvíoxíð (CO_2), brennisteinsvetni (H_2S) og vetni (H_2) á Hengilssvæðinu.
Jarðhitavatn	<p>Jarðhitavatn (e: geothermal water) er vatnsfasinn í jarðhitavökvanum. Vatnsfasi jarðhitavökvans tekur breytingum, bæði með tilliti til magns og efna samsetningar, eftir því hvaða ferli jarðhitavökvinn hefur farið í gegnum. Oft samanstendur jarðhitavökvi eingöngu af jarðhitavatni og jarðhitalofttegundum, t.d. á lághitasvæðum þar sem vökvinn nær ekki að sjóða yfir í jarðgufu vegna lægra hitastigs en á háhitasvæðum. Á háhitasvæðum getur jarðhitavökvi ein göngu verið í formi jarðgufu, t.d. á Geysissvæðinu í N-Ameríku. Í vinnsluferlum jarðhitavirkjana getur jarðhitavatn skipst í skiljuvatn og þéttivatn á mismunandi stigum vinnsluferlisins.</p> <p>Jarðhitavatnið er auðlindastraumur sem nýst getur aftur t.d. með því að dæla honum aftur niður í jarðhitasvæðið og vinna þannig á móti þrýstingslækkun í því. Það getur aukið vinnsluhæfni jarðhitasvæðisins. Einnig er jarðhitavatnið nýtt í annað svo sem til baða, í snyrtivöruframleiðslu og þörungarækt. Hluti jarðhitavatsins er stundum losaður á yfirborð jarðar.</p>
Jarðhitavökvi	Jarðhitavökvi (e: geothermal fluid) er blanda af jarðhitavatni, jarðgufu og ýmsum jarðhitalofttegundum sem kemur til dæmis upp úr borholum.
Niðurdráttur	Niðurdráttur er þrýstilækkun í jarðhitakerfi. Hann er venjulega tilkominn vegna nýtingar á jarðhitunum sem veldur því að þrýstingur lækkar.
Skiljuvatn	Í vinnsluferlum jarðhitavirkjana getur jarðhitavatn skipst í skiljuvatn og þéttivatn á mismunandi stigum vinnsluferlisins. Skiljuvatn er sá hluti jarðhitavökvans sem skilinn er frá jarðgufunni við ákveðinn þrýsting og ferðast þannig áfram um vinnsluferlið. Skiljuvatnið er ríkt af steinefnum sem hafa losnað úr berginu vegna hitans í jarðhitageyminum. Oft er skiljuvatni og þéttivatni blandað aftur saman eftir orkuvinnsluferlið og verður magn og efnasamsetning þess jarðhitavats lík þeirri sem upphaflega kom úr jarðhitageyminum.
Vermi	Vermi er mælikvarði á orkuinnihald – í okkar tilviki orkuinnihald jarðhitavökvans. Vermíð er gefið upp á þyngdareiningu í einingunni kJ/kg [kíló-Joule á kg] og það er fyrst og fremst notað til að lýsa eiginleikum jarðhitavökva úr borholum á háhita svæðum. Á háhitasvæðum kemur jarðhitavökvinn upp úr holum bæði sem gufa og vatn – raunar oftast sem blanda af hvoru tveggja og orkuinnihald hans er m.a. háð gufuhlutfallinu. Hitastig eitt og sér dugar því ekki til að lýsa orkuinnihaldi vökvans eins og á lághitasvæðum þar sem vökvinn er nær einungis unninn í formi vatns. Bein tengsl eru á milli vermíðs og hlutfalls gufu og vatns í vökvanum og er vermíð því mjög gagnlegur mælikvarði á orkuinnihald vökvans.
Þéttivatn	Í vinnsluferlum jarðhitavirkjana getur jarðhitavatn skipst í skiljuvatn og þéttivatn á mismunandi stigum vinnsluferlisins. Þéttivatn myndast þegar jarðgufufasinn er þéttur í eimsvala eftir að jarðgufan hefur nýst til að knýja áfram gufuhverfla. Oft er skiljuvatni og þéttivatni blandað aftur saman eftir orkuvinnsluferlið og verður magn og efnasamsetning þess jarðhitavats lík þeirri sem upphaflega kom úr jarðhitageyminum.
Þynnt jarðhitavatn	Þynnt jarðhitavatn (e. watered-down geothermal water) verður til þegar upphituðu grunnvatni (sem ekki nýtist til hitaveitu þegar eftirspurn er lítil á sumrin) er blandað saman við skiljuvatn og þéttivatn og því dælt niður í jarðlögin. Það er til dæmis gert á Nesjavöllum.

Inngangur

Starfsemi samstæðu OR er vottuð samkvæmt ISO 14001 staðlinum.

Gildi samstæðu OR: framsýni, hagsýni og heiðarleiki eru höfð að leiðarljósi þegar umhverfis- og auðlindastefnu samstæðunnar er fylgt eftir.

Loftslagsmarkmið OR og dótturfélaga

Árið 2016 settu Orkuveita Reykjavíkur og dótturfélög sér markmið um að draga úr losun koltvíoxíðs við orkuframleiðslu og starfsemi fyrirtækjanna. Loftslagsmarkmiðin fela í sér helmingsmínkun kolefnisspors samstæðu OR til ársins 2030. Samdráttur í útblæstri jarðhitaloftegunda við orkuvinnslu Orku náttúrunnar á háhitasvæðum vegur þyngst í aðgerðum fyrirtækjanna. Með fjölgun umhverfisvænni farartækja og stuðningi við vistvænni samgöngumáta starfsfólks í og úr vinnu verður dregið úr útblæstri af þeirra völdum um 70-90% fram til ársins 2030. Meðal aðgerða verður endurvinnsluhlutfall úrgangs aukði, votlendi endurheimt á landareignum OR og dregið úr matarsóun, sjá kafla um kolefnisspor. Aðgerðir OR og dótturfélaga eru í samræmi við loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar sem fyrirtækin skrifuðu undir og var afhent á loftslagsráðstefnunni í París í desember 2015. Ímynd Íslands hefur verið góð vegna hins háa hlutfalls endurnýjanlegrar orku en losun á mann er enn há. Á Íslandi er losun á íbúa um 14 tonn, um 7 tonn á íbúa í ESB og um 5 tonn á íbúa á heimsvísu.

Samtal við hagsmunaaðila

Samstarf við leyfisveitendur, hagsmunaaðila og viðskiptavinum er starfsfólki samstæðu OR mikilvægt því slík samvinna beinir athygli og áhersluatriðum að því sem skiptir fólki mestu máli. Upplýst umræða um úrlausnarefni eins og stöðu auðlinda á há- og lághitasvæðum, vatnsvernd og gæði neysluvatns, losun brennisteinsvetnis og jarðhitavatns, uppbyggingu fráveitu, frágang á röskuðum svæðum og flokkun úrgangs og hvernig glímt hefur verið við lausn þeirra skiptir miklu máli. Árið 2016 lögðum við okkur fram um að miðla betur upplýsingum frá OR samstæðunni til samfélagsmiðla og veita hagsmunaaðilum þannig stöðuga og upplýsta þjónustu.

Umkvörtunarefni

Árið 2016 bárust um 80 ábendingar frá viðskiptavinum um umhverfismál og beindust 75 þeirra að umgengni, ein að mögulegum olíuleka nærri vatnsverndarsvæði, ein að brennisteinsvetni og ein að losun frárennslis um yfirfall. Í öllum tilvikum voru þær teknar til athugunar og er úrvinnsla þeirra lokið. Fjallað er um hvernig brugðist var við þessum ábendingum í köflum um verndun neysluvatns, losun brennisteinsvetnis, losun um yfirföll og mannvirki og umgengni.

Árið 2016 bárust um 50 ábendingar um umhverfismál frá starfsmönnum OR og beindust flestar þeirra að umgengni eða rúmlega 30. Sjö ábendingar beindust að olíuleka eða hættu á leka og fjórar að varasömum efnum. Fjallað er um hvernig brugðist var við þeim í köflum um verndun neysluvatns, mannvirki og umgengni og efnanotkun. Tvö mengunarslys urðu nærri vatnsverndarsvæðum þar sem grípa þurfti til hreinsunar, sjá kafla um verndun neysluvatns.

Ein tilkynning var send leyfisveitenda til að upplýsa um að styrkur brennisteinsvetnis fór yfir sólarhringsmörk í byggð og önnur tilkynning var send til að upplýsa um viðhaldsstopp í lofthreinsistöð við Helligsheiðarvirkjun, sjá kafla um losun brennisteinsvetnis. Sendar voru tvær tilkynningar til vöktunar- og viðbragðsaðila um líkur á skjálftavirkni vegna niðurrennsli. Engra skjálfta varð þó vart í byggð, sjá kafla um jarðskjálfta vegna losunar jarðhitavatns. Sendar voru út um 20 tilkynningar til leyfisveitanda vegna rennslis jarðhitavatns á yfirfalli við Helligsheiðarvirkjun og um tíu tilkynningar vegna rennslis á yfirfalli í fráveitu, sjá kafla um losun jarðhitavatns og losun frárennslis um yfirföll.

Umhverfisskýrslan

Starfsemi OR og dótturfélaga er vottuð samkvæmt ISO 14001 staðlinum sem felur í sér að allar starfsstöðvar fylgjast með, meta og greina frá þeim áhrifum sem reksturinn hefur á umhverfi og samfélag og til hvaða úrbóta er gripið til að draga úr neikvæðum áhrifum.

Í umhverfisskýrslu ársins 2016 er eins og undanfarin tvö ár fjallað um framvindu þeirra þýðingarmiklu umhverfisþátta sem skilgreindir hafa verið undir þeim fimm meginreglum sem settar eru fram í umhverfis- og auðlindastefnu OR og dótturfélaga og snúast um ábyrga auðlindastýringu, gagnsemi sem fólgin er í aðgangi að veitum fyrirtækisins, losun vegna starfseminnar út í umhverfið, áhrif sem fyrirtækið hefur út fyrir sína starfsemi og rekstur. Gildi samstæðu OR: framsýni, hagsýni og heiðarleiki eru höfð að leiðarljósi þegar stefnunni er fylgt eftir.

Við gerð umhverfisskýrslu ársins 2016 hafa sjálfbærnisvar Global Reporting Initiative (GRI), sem er leiðandi stofnun á sviði skýrslugerðar um samfélagsábyrgð, verið lagðir til grundvallar, sjá kafla 11 í Ársskýrslu OR 2016.

Í umhverfisskýrslunni eru notuð nöfnin OR og dótturfélög eða samstæða OR þegar vísað er almennt í samstæðuna. Þegar vísað er til móðurfélagsins eru notuð nöfnin Orkuveita Reykjavíkur, móðurfélagið og OR. Notuð eru nöfnin Orka náttúrunnar, Veitur eða Gagnaveita Reykjavíkur þegar fjallað er um verkefni þessara félaga.

Umhverfis- og auðlindastefna og þýðingarmiklir umhverfisþættir

Umhverfis- og auðlindastefnan er skuldbinding OR og dótturfélaga um stöðugar umbætur í umhverfismálum. Hún vísar fyrirtækinu veginn og er grundvöllur góðs samstarfs við hagsmunaaðila. Umhverfis- og auðlindastefnan byggir á gildum og heildarstefnu samstæðu OR.

Samstæða OR hlítir öllum ákvæðum laga og reglugerða sem gilda um starfsemina. Umhverfis- og auðlindastefnan er sett fram með eftirfarandi meginreglum og útfærð nánar með markvissri stjórnun og umbótum þýðingarmikilla umhverfisþátta.

Ábyrg auðlindastýring

Orkuveitu Reykjavíkur er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu, það er að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. Orkuveita Reykjavíkur skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannabágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. Orkuveita Reykjavíkur mun verja auðlindirnar fyrir hættnum og ágengni, vegna þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækinu er falin.

Gagnsemi veitna

Aðgangur að veitum Orkuveitu Reykjavíkur stuðlar að heilnæmum lífsskilyrðum fólks og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi í samfélaginu. Þessi jákvæðu umhverfisáhrif eru ráðandi þegar ákvarðanir eru teknar um þróun virkjana og veitna. Þær ákvarðanir eru byggðar á því að Orkuveita Reykjavíkur gerir miklar kröfur um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um starfsemina og framfararætlanir fyrirtækisins.

Áhrif losunar

Starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur leiðir óhjákvæmilega til þess að efni og orka losna út í umhverfið. Orkuveita Reykjavíkur gættir fyllstu varúðar í starfsemi sinni. Losun fer því aðeins fram að áhrif á heilsu séu hverfandi og áhrif á umhverfi viðunandi. Orkuveita Reykjavíkur dregur úr losun mengandi efna eins og kostur er og leggur áherslu á rannsóknir og þróun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi.

Áhrif í samfélaginu

Orkuveita Reykjavíkur er stórt fyrirtæki á landsvísu og þar býr mikil þekking og reynsla á hagnýtingu jarðvarma og öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Orkuveita Reykjavíkur miðlar þekkingu og beitir áhrifum í virðiskeðjunni, sem hvetur til ábyrgar umgengni við umhverfið og jákvæðra samfélagsáhrifa.

Reksturinn

Rekstur Orkuveitu Reykjavíkur byggir á skipulegum og öguðum vinnubrögðum margra starfsmanna á dreifðum starfsstöðvum. Daglegt starf felst meðal annars í því að nýta vel aðföng, vanda til mannvirkja, hirða vel um lóðir og lendur, meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt og hvetja til vistvænna samgangna. Orkuveita Reykjavíkur vill vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni og byggja upp hæfni starfsfólks í þeim efnum.

Þýðingarmiklir umhverfisþættir

OR og dótturfélög hafa skilgreint eftirfarandi umhverfisþætti sem þýðingarmikla með hliðsjón af þeim meginreglum sem fram koma í umhverfis- og auðlindastefnunni. Þættirnir eru skilgreindir til þess að nálgast megi umhverfismálin skipulega, með markmiðum og skilgreiningu ábyrgðar. Þýðingarmiklu umhverfisþættirnir eru 22 og skiptist ábyrgðin þannig að Veitur bera ábyrgð á sex þáttum, Orka náttúrunnar á sex þáttum, Gagnaveita Reykjavíkur á einum þætti og Veitur og ON bera sameiginlega ábyrgð á einum þætti. Sameiginlega bera OR og dótturfélög ábyrgð á átta þýðingarmiklum umhverfisþáttum.

Áhersla er lögð á vatnsvernd og ábyrga stýringu vatnslinda þannig að unnt sé að tryggja íbúum og atvinnulífi á veituvæðinu heilnæmt neysluvatn til langrar framtíðar. Ennfremur er áhersla lögð á ábyrga vinnslu úr háhitavæðum. Losun brennisteinsvetnis frá virkjunum á Hengilssvæðinu hefur verið stærsta umhverfismál sem Orka náttúrunnar glímir við í rekstri sínum. Rekstur lofthreinsistöðvar við Hellisheiðarvirkjun hefur gengið vel og getur hún nú hreinsað um 60% af brennisteinsvetninu og 30% af koltvíoxíðinu frá virkjuninni. Um 95% af jarðhitavatninu frá Hellisheiðarvirkjun hefur verið skilað niður í niurdælingarsvæðin við virkjunina. Geta þeirra til að taka við öllu jarðhitavatni sem til fellur við orkuvinnsluna er takmörkum háð og er sett í forgang að ná fullum tókum á losun jarðhitavats við Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun. Lokið er að mestu framkvæmdum við nýjar hreinsistöðvar á Akranesi, Borgarnesi og Kjalarnesi og verða þær gangsettar vorið 2017. Á öllu safnsvæði Veitna eiga íbúar og atvinnulíf þess nú brátt kost að tengjast veitukerfi eða hreinsivirki. OR og dótturfélög ætla að vera í fararbroddi í vistvænum samgöngum. Þau munu nýta innviði, afurðir, þekkingu og burði til að auka hlut vistvænna samgangna í samfélaginu og draga úr losun gróðurhúsalofts frá samgöngum.

Ábyrg auðlindastýring:



- Stýring vinnslu á háhitasvæðum



- Stýring vinnslu á lághitasvæðum



- Land undir virkjanir og önnur athafnasvæði
- Verndun neysluvatns

Gagnsemi veitna:



- Aðgangur að fjölbreyttri notkun háhita
- Aðgangur að vatnsveitu



- Aðgangur að rafveitu
- Aðgangur að hitaveitu
- Aðgangur að vatnsveitu
- Aðgangur að fráveitu



- Aðgangur að gagnaveitu

Áhrif losunar:



- Losun jarðhitavatns og eftirlit með grunnvatni
- Losun brennisteinsvetnis
- Losun koltvísýrings, vetnis og metans
- Jarðskjálftar vegna losunar jarðhitavatns



- Losun frárennslis frá hreinsistöðvum
- Losun frárennslis um yfirföll

Áhrif í samfélaginu:



- Miðlun þekkingar á hagnýtingu jarðvarma og öðrum þáttum í starfseminni



- Innkaup



- Úrgangur
- Samgöngur
- Mannvirki og umgengni
- Efnanotkun

Reksturinn:





Ábyrg auðlindastýring

Samstæðu OR er falin mikil ábyrgð á þeim auðlindum sem hún nýtir. Ábyrgðin felst í því að vinna eftir hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar og því að tryggja sjálfbæra nýtingu svo að komandi kynslóðir búi við sömu tækifæri og núlifandi kynslóðir til að nýta auðlindirnar og að unnt sé að staðfesta að þannig sé að verki staðið. Samstæðan skuldbindur sig til þess að leita farsælla lausna þar sem auðlindanýting í almannapágu er vegin og metin í samhengi við aðra hagsmuni. Samstæðan mun verja auðlindirnar fyrir hættum og ágengni vegna þeirrar ábyrgðar sem fyrirtækinu er falin.

Stýring vinnslu á háhitasvæðum

Orkuvinnsla á Nesjavöllum og á Hellisheiði er í samræmi við nýtingarleyfi. Lögn sem tengir jarðhitasvæðið í Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun var tekin í notkun í janúar 2016 og nýtur nú virkjunin gufu þaðan. Samhliða var unnt að hvíla vatnsmiklar holur á vestanverðri Hellisheiði sem hefur reynst hentugt til að bæta stöðu orkuforðans og draga úr álagi á niðurdælingu. Mælingar ársins 2016 sýna áframhaldandi gufufyrnun vegna niðurdráttar á vinnslusvæðum Hellisheiðarvirkjunar.

MARKMIÐ:

Jarðvarmavirkjanir Orku náttúrunnar fá þann jarðvarma sem þarf vegna skuldbindinga um orkusölu, innan þess nýtingarramma sem settur er í nýtingarleyfi Hellisheiðarvirkjunar. Gengið er út frá því að sambærileg viðmið gildi á Nesjavöllum. Markmið um nýtingu jarðvarmans eru sett fram sem viðmið um það hve hratt þrýstingur og hiti megi falla í jarðhitakerfinu.

Vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar sem nú eru í notkun eru á vestanverðri Hellisheiði og við Hverahlíð og vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar við Nesjavelli (mynd 1).

Eftirlit eftir í Henglinum

Undanfarna áratugi hefur verið fylgst með því hvernig vinnslusvæði í Henglinum bregðast við nýtingu. Í upphafi árs 2016 var farið að fylgjast nánar með afköstum vinnsluhola.

Árið 2016 lauk endurskoðun hugmyndalíkans fyrir Hellisheiði til að skilja betur eðli jarðhitasvæðanna.

Reiknilíkan fyrir Henglinn var endurskoðað árið 2015-2016. Líkanið er notað til að spá fyrir um viðbrögð svæðanna við vinnslu svo unnt sé að átta sig á áhrifum á hegðun þeirra. Vinnslusaga jarðhitasvæðanna hjálpar einnig til við að skýra stöðuna.

Árlega eru unnar vinnsluskýrslur fyrir virkjanirnar og þeim skilað til Orkustofnunar.

Vinnslugeta Nesjavallavirkjunar

Vinnsla á Nesjavöllum hefur gengið vel til þessa en nýjar mælingar gefa þó vísbendingar um að vermi jarðhitavökvans hafi lækkað (hér er átt við að vermi sé mælikvarði á orkuinnihald jarðhitavökvans). Fram til þessa hafa mælingar sýnt að undanfarin 25 ár hafi niðurdráttur aukist í takti við aukna vinnslu, einkum eftir að fjórði hverfillinn í stöðvarhúsinu var tekinn í notkun árið 2005 (viðauki 2a). Þar sem dregist hefur að bora nýjar vinnsluholur (uppbótarholur) og afköst nýrrar holu sem boruð var árið 2015 voru undir væntingum hefur orkuvinnsla minnkað örflítið. Samkvæmt nýjum mælingum á holuafköstum þarf að bora uppbótarholu á næsta ári til að viðhalda orkuvinnslu.

Í árslok 2016 var umsókn um nýtingarleyfi fyrir jarðhita á Nesjavöllum send til Orkustofnunar.

Orkuvinnsla á Nesjavöllum er í samræmi við nýtingarleyfi og markmið Orku náttúrunnar.

Alvarleg staða á vinnslugetu við Hellisheiðarvirkjun

Eins og fram hefur komið í umhverfisskýrslum 2012 - 2015 mun vinnslusvæðið á vestanverðri Hellisheiði ekki standa undir fullri framleiðslu í Hellisheiðarvirkjun til frambúðar. Talið var farsælt árið 2013 að stækka vinnslusvæðið og afla viðbótargufu úr borholum sem þegar höfðu verið boraðar við Hverahlíð. Lögn sem tengir jarðhitasvæðið í Hverahlíð við Hellisheiðarvirkjun var tekin í notkun í janúar 2016 og nýtur nú virkjunin gufu þaðan. Samhliða nýtingu borhola í Hverahlíð var loks unnt að hvíla vatnsmiklar holur á vestanverðri Hellisheiði sumarið 2016. Það hefur reynst hentugt til að bæta stöðu orkuforðans og draga úr álagi á niðurdælingu. Ennfremur hefur verið unnið að því að dreifa niðurdælingu um vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar til að styðja við þrýsting í jarðhitageyminum og hægja á dvinun hans. Sjá kafla um losun jarðhitavatns og eftirlit með grunnvatni.

Mælingar ársins 2016 sýna áframhaldandi gufufyrnun vegna niðurdráttar, þ.e. lækkunar þrýstings í jarðhitageyminum á vinnslusvæðum Hellisheiðarvirkjunar. Árið 2016 var heildarvinnsla á Hellisheiði tæpar 28 milljónir tonna og í Hverahlíð tæpar fimm milljónir tonna. Vermi jarðhitavökvans hækkaði með tilkomu gufu frá Hverahlíð (mynd 2). Miðað við þessar mælingar á holuafköstum þarf að bora tvær til fjórar uppbótarholur árlega á næstu árum til að viðhalda orkuvinnslu. Vinnslan hefur farið fram á litlu svæði miðað við stærð virkjunarinnar en með tilkomu Hverahlíðarlagnar hefur staðan batnað vegna stærra vinnslusvæðis.

Árið 2016 var boruð ný uppbótarhola við virkjunina sem tekin var í notkun í lok ársins. Vegna erfiðleika í borun náðist ekki að fullbora holuna og því eru afköst hennar undir væntingum.

Vissir þú?

Dreifð og hófleg niðurdæling jarðhitavatns vinnur á móti þrýstingslækkun í jarðhitasvæðinu við Hellisheiðarvirkjun og getur aukið vinnsluhæfni þess. Fylgst er náið með vinnsluholum í nágrenni niðurdælingar þannig að hún sé ekki of mikil

Niðurdráttur á svæðinu er innan viðmiðunarmarka samkvæmt nýtingarleyfi (viðauki 2b).

Haustið 2016 lauk endurskoðun starfsleyfis fyrir Hellsisheiðarvirkjun.

Hverahlíð

Haustið 2016 sýndu mælingar nokkurn niðurdrátt í borholu í Hverahlíð og hefur eftirlit verið aukið. Ekki er fullljóst hvaða áhrif þessar niðurstöður munu hafa á nýtingu svæðisins til frambúðar.

Orka náttúrunnar er að skoða möguleika á því hvernig nýta megi auðlindina betur og tryggja rekstraröryggi.


Rennslisleiðir jarðhitavatns við Hellsisheiði og Nesjavelli

Niðurstöður ferilefnaprófana sem staðið hafa við Hellsisheiðarvirkjun frá árinu 2013 sýna að verulegur hluti jarðhitavatnsins sem skilað er aftur niður í jarðhitakerfið berst til vinnslusvæða í vestanverðu Skarðsmýrarfjalli og við Reykjafell. Dreifð og hófleg niðurdæling vinnur á mótí þrýstingslækkun í jarðhitasvæðinu og getur aukið vinnsluhæfni þess. Fylgst er náið með vinnsluholum í nágrenni niðurdælingar til að meta kælingaráhrif þannig að niðurdæling verði ekki of mikil. Þau kælingaráhrif sem búist var við í vinnsluholum hafa ekki komið fram.

Árið 2016 hófst tilraunaniðurdæling á hitaveituvatni (upphitað grunnvatni) í eina holu í Kýrdal við Nesjavelli. Í ljós hefur komið að hún hefur haft áhrif á vermi í nærliggjandi vinnsluholum. Sjá kafla um losun jarðhitavats og eftirlit með grunnvatni.



Mynd 1. Vinnslusvæði Hellsisheiðarvirkjunar eru á vestanverðri Hellsisheiði og í Hverahlíð. Vinnslusvæði Nesjavallavirkjunar er við Nesjavelli.



Mynd 2. Vinnsla í Hverahlíð (milljónir tónna á ári) árið 2016, vinnsla á Hellsisheiði (milljónir tónna á ári) árið 2007 til 2016 og niðurdæling (milljónir tónna á ári) eftir losunarleiðum. Bláir litir sýna magn jarðhitavats (milljónir tónna á ári) sem dælt var niður innan svæðis í vinnsluholum sem ekki nýtast til gufuvinnslu, í niðurdælingarholur við Gráuhnúka og Húsmúla og í borholur við Þrengsli. Rauði ferillinn sýnir vermi jarðhitavökvans (kJ/kg) árið 2007 til 2016 en vermi er mælikvarði á orkuinnihald jarðhitavökvans. Vermí hækkaði árið 2009 í kjölfar þess að hávermisholur voru tengdar inn á gufuveitu virkjunarinnar um mitt ár 2008 og aftur árið 2016 með tilkomu gufu frá Hverahlíð. Neðri myndin sýnir hlutfall niðurdælingar og vinnslu, þ.e. massajafnvægi kerfisins. Árið 2015 var um 80% af unnum vökva dælt aftur niður í kerfið en það ár voru margar vatnsmiklar holur í rekstri.

Stýring vinnslu á lághitasvæðum

Vinnsla á lághitasvæðum höfuðborgarsvæðisins og flestum svæðum á landsbyggðinni er í samræmi við markmið Veitna. Árið 2016 var unnið að því að auka vatns- og gufuöflun í Hveragerði. Jarðhitakerfið að Laugalandi í Holtum var rannsakað frekar svo hægt væri að staðsetja þar vinnsluholu til að afla heitara vatns hjá hitaveitu Rangæinga. Rannsóknunum á öflun heits vatns fyrir hitaveitu Akraness og Borgarbyggðar verður haldið áfram árið 2017.

MARKMIÐ:

Vatnstaka á lághitasvæðum hverju sinni má ekki rýra möguleika á samsvarandi vatnstöku í framtíðinni.

Hitaveitur

Veitur reka þrettán hitaveitur: á höfuðborgarsvæðinu, á Vesturlandi og Suðurlandi (tafla 2 í kafla um aðgang að hitaveitu og mynd af veitusvæði samstæðu OR í viðauka 1).

Áratuga reynsla býr að baki jarðhitavinnslu úr fjölmörgum lághitasvæðum Veitna. Með mælingum á vatnshæð, hitastigi og efnainnihaldi í borholum er fylgst með því hvernig vinnslusvæðin bregðast við nýtingu. Unnt er að bregðast við breytingum með því að draga úr vinnslu, með niðurdælingu í svæði og með því að endurfóðra holur. Niðurstöður efnagreininga af vatnsöflunarsvæðum er að finna í viðaukum 3 og 4. Árlega eru gefnar út vinnsluskýrslur fyrir hitaveiturarnar.

Höfuðborgarsvæðið

Lághitasvæðin á höfuðborgarsvæðinu eru nýtt jafnt og þétt og allt bendir til þess að hægt sé að viðhalda þeirri notkun í fyrirsjáanlegri framtíð komi ekkert óvænt upp á. Vatnsstaða er almennt góð (viðauki 5).

Landsbyggðin

Niðurstöður vinnslueftirlits undanfarinna ára sýna að ástand flestra lághitasvæða sem Veitur reka á Suður- og Vesturlandi er gott og í samræmi við markmið Veitna. Á þessari stöðu eru þó undantekningar.

Veitur hafa áhyggjur af því að vinnslusvæðið að Laugalandi í Holtum anní ekki eftirspurn eftir nægilega heitu vatni því vatnsborð hefur lækkað þar undanfarin ár. Árið 2016 var boruð hitastigulshola til að kanna hvernig hiti breytist með dýpi og þar með hvar líklegt uppstreymi væri að finna í nágrenni Laugaland sem gaf ekki afgerandi niðurstöður til að unnt væri að staðsetja nýja vinnsluholu. Í kjölfarið var ráðist í að mæla vinnsluholu að Laugalandi með holusjá til að kortleggja betur sprungukerfi svæðisins. Ennfremur var hugmyndalíkan af jarðhitavæðinu endurskoðað. Ný djúp vinnsluhola hefur verið staðsett við Laugaland og er stefnt að borun vorið 2017.

Í Hveragerði hefur þrýstingur lækkað í vinnslusvæðinu undanfarin ár en vinnsluholur

Vissir þú?

- Hlutfall varmaaflds af
- heildarafli Nesjavalla-
- virkjunar er um 80%
- og rúmlega 40% af
- heildarafli Hellisheiðar-
- virkjunar.

þar hafa verið í sjálfrennsli. Þrýstingur er kominn niður fyrir þau mörk að ásættanlegt teljist til öruggs reksturs. Árið 2016 var átaki hrint af stað til að auka vatns- og gufuöflun og þar á meðal að nýta vinnsluholur í eigu ríkisins í Sveitarfélaginu Ölfusi. Beðið er leyfis til að nýta þessar vinnsluholur en ljóst er að með nýtingu þeirra verður Hvergerðingum tryggð næg orka til húshitunar og atvinnustarfsemi um langa framtíð. Í Hveragerði hefur gagnaskráning um vinnslu og vatnsborð verið annmörkum háð. Verið að hanna mælistaði fyrir aflmælingar og er gert ráð fyrir að skráningin verði ásættanleg vorið 2017.

Árið 2016 var lokið við að bæta gagnaskráningu hjá Skorradalsveitu sem gefur nú góða sýn yfir stöðu auðlindarinnar. Rannsóknunum á öflun aukins heits vatns fyrir hitaveituna á Akranesi og í Borgarbyggð (HAB) var haldið áfram árið 2016. Jarðhitaréttinda var aflað fyrir hitaveituna í Stykkishólmi í landi Arnarstaða í Helgafellssveit árið 2016.



Jarðhitahola í Hveragerði. Ljósmynd: Ægir Lúðvíksson.

Land undir virkjanir og önnur athafnasvæði

Áfram er lögð áhersla á góðan frágang og endurheimt raskaðra svæða á Hellsheiði í samvinnu við leyfisveitendur og markmið OR og dótturfélaga. Ráðist verður í átak árið 2017 til að laga gönguleiðir við Ölkelduhnúk og upp af Reykjadal norður frá Hveragerði en þessar leiðir hafa látið verulega á sjá vegna aukinnar umferðar ferðafólks.

MARKMIÐ:

Land raskist sem minnst vegna uppbyggingar og frágangur miði að því að laga uppbyggingarsvæði að útliti og landslagi nærliggjandi svæða, sbr. leiðbeiningar um ásýnd og frágang. Vegir, slóðar og stígar sem uppbygging krefst skulu jafnframt nýttast eftir því sem við á til að bæta aðgengi að nálægum náttúrusvæðum. Ferðafólki gefist kostur á að fræðast á vettvangi um hagnýtingu náttúruauðlinda og um náttúru nálægna svæða.

Starfsemi OR og dótturfélaga er umfangsmikil og hefur miklu landssvæði verið ráðstafað vegna framkvæmda. Fyrirtækin hafa umsjón með tæplega 19.000 ha lands og eru tæpir 16.000 ha innan verndarsvæða, sjá viðauka 6. Í viðauka 7 er birtur listi yfir tegundir fugla og plantna á valista sem hafa búsvæði innan þess lands sem OR og dótturfélög hafa umsjón með.

Hellsheiðarfrágangur

Árið 2016 var áfram lögð áhersla á góðan frágang og endurheimt raskaðra svæða við Hellsheiðarvirkjun og við byggingu gufulagnar sem tengir jarðhitasvæðið í Hverahlíð við Hellsheiðarvirkjun. Vel tókst til með að nýta gróðurforfur, mosa og annað efni sem tekið var upp á lagnaleiðinni í frágang á framkvæmdasvæðinu og í frágang vegna eldri

framkvæmda við Hellsheiðarvirkjun (mynd 3). Hraungjall og mosi úr lagnaleiðinni voru t.d. nýtt til að endurgera hraunlandslag á gömlum borplönnum. Um 6 ha lands voru endurheimtir með staðargróðri samhliða nýframkvæmdum árið 2016 og 20 ha lands á eldri röskuðum svæðum.

Reynslan á Hellsheiði sýnir að mikilvægt er að hönnun framkvæmda taki mið af þeim aðferðum sem nýttar eru í frágang. Einnig er afar brýnt að fræða jarðvinnu- og þjónustuverktaka í upphafi framkvæmda og þegar nýir menn koma til starfa. Fara þarf vel yfir rask á náttúru vegna jarðvinnu, yfirfara markmið með upptekt og frágangi á gróðri og jarðvegi ásamt því að kynna gott verklag. Það hafa orðið miklar framfarir við frágang á vegum OR og dótturfélaga á undanförunum árum.

Verklag og leiðbeiningar um frágang

Margir framkvæmdaaðilar hafa sýnt áhuga á því að nýta svokallaðan Hellsheiðarfrágang vegna rasks af völdum framkvæmda. Þegar HS Orka, Landsvirkjun og Landsnet hófu t.d. að skipuleggja frágang vegna framkvæmda á virkjunar- og framkvæmdasvæðum sínum var leitað til Orku náttúrunnar um leiðbeiningar til að endurheimta staðargróður. Lýsir þetta góðri samvinnu fyrirtækja í að nýta einfaldar og árangursríkar aðferðir til frágangs og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni, ásamt betri ásýnd og virkni gróðurlenda. Myndbönd og

Vissir þú?

Mosa var safnað úr lagnaleið Hverahlíðarlagnar og settur í frystigám árið 2014 til að halda honum lifandi meðan á framkvæmdum stóð. Mosinn sem kom grænn og frísklegur úr gámnum var nýttur í frágang á framkvæmdasvæðinu sumarið 2016.

annað fræðsluefni um notkun staðargróðurs til að ganga frá eftir framkvæmdir var birt árið 2016 á heimasíðu Orku náttúrunnar, heimasíðu Umhverfisstofnunar, ásamt samfélagsmiðlum eins og Fésbók og á Youtube.

Ferðafólk, orkunytjar og útivist

Hengilsvæðið er fjölbreytt útivistarsvæði sem hefur næstum allt sem þrýðir íslenska náttúru. Orkuveita Reykjavíkur hefur undanfarin 26 ár séð um 110 km af gönguleiðum í Henglinum og næsta nágrenni sem viðhalda þarf árlega og hefur Hjálparveit skáta í Reykjavík sinnt því undanfarin þrettán ár. Veturinn 2015 til 2016 var ekki eins snjöpungur eins og undanfarin ár, sumarið sólríkt, lítið um úrkomu og gekk viðhaldið vel. Gönguleiðin í Dyradal var lagfærð og skipt var um upplýsingaskilti á átta upphafsstöðum gönguleiða. Áætlað er að klára að skipta út öllum skiltum sumarið 2017. Girðingar voru teknar niður á Stangarhálsi og gamlar vatnslagnir í Sleggjubeinsdal. Margir nýta gönguleiðirnar og verður fjármagni veitt í frekari lagfæringar á vinsælustu leiðunum sumarið 2017. Samþætting útivistar og orkuvinnslu hefur gengið vel í Henglinum og er áætlað árið 2017 eða 2018 að merkja gönguleið við Hellsheiðarvirkjun í tengslum við jarðhitasýninguna á sambærilegan hátt og hefur verið gert við Nesjavallavirkjun.



Mynd 3. Endurheimt staðargróðurs. Meðan á framkvæmdum stóð voru gróðurforfur teknar upp úr vegstæði á Hellsheiði og lagðar aftur í vegöxlina. Ljósmynd: Magnea Magnúsdóttir.

Verndun neysluvatns

Árið 2016 tryggðu vatnsveitur Veitna og Orku náttúrunnar íbúum og fyrirtækjum á veitusvæðinu heilnæmt neysluvatn. Veitur hófu endurskoðun á greiningu áhættuþátta á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Rennslismælingar frá lindarsvæðunum á Akranesi voru bættar svo hægt sé að meta líkur á vatnspurrð.

MARKMIÐ:

Vatnsból sem notendur á vatnsverndarsvæðum Veitna treysta á mega ekki spillast. Vatnstaka hverju sinni má ekki rýra möguleika á samsvarandi vatnstöku í framtíðinni.

Veitum ber skylda til að fullnægja vatnspörf fólks og fyrirtækja á veitusvæðinu. Neysluvatn skal uppfylla ákvæði reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.

Vatnsból Veitna eru þrettán og er vatnið notað á höfuðborgarsvæðinu og á Vestur- og Suðurlandi og vatnsból Orku náttúrunnar eru tvö (tafla 3 í kafla um aðgang að vatnsveitu og mynd af veitusvæði samstæðu OR í viðauka 1). Markvisst er unnið að forvörnum og eftirliti til að tryggja gæði vatnsins. Áhættuþættir eru greindir á vatnsverndarsvæðum og í dreifikerfum. Heilbrigðiseftirlit á hverju veitusvæði taka sýni reglulega til að fylgjast með heilnæmi vatnsins og brugðist er við tilkynningum um þörf á viðgerðum og úrbótum. Niðurstöður sýnatöku eru birtar á heimasíðu Veitna www.veitur.is.

Árið 2016 bárust tvær ábendingar frá viðskiptavinum um slæma umgengni á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og mögulegan olíuleka nærri vatnsverndarsvæðinu. Haft var samband við viðkomandi heilbrigðiseftirlit sem fara með eftirlit á svæðinu. Árið 2016 bárust sjö ábendingar frá starfsmönnum OR og dótturfélaga um olíuleka eða hættu á leka. Í tveimur tilvikanna lak olía niður nærri vatnsverndarsvæði og þurfti að ráðast í hreinsun. Öll olía náðist upp.

Vatnsvernd og áhættumat vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu

Heiðmörk er vatnstökusvæði Veitna fyrir höfuðborgarsvæðið og byggist sú vatnsvinnsla alfarið á hreinu og ómeðhöndluðu grunnvatni. Vatnsvernd er afmörkuð utan um vatnsbólin og er um 230 km² að stærð.

Árið 2016 hófu Veitur endurskoðun á greiningu áhættuþátta á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Olíuflutningar og umferð vélknúinna ökutækja um Suðurlandsveg ásamt umferð um vegi á vatnsverndarsvæðinu eru mesta hættan sem steðjar að vatnsbólunum. Byggð við Elliðavatn, vélknúin umferð á Bláfjallasvæðinu, efnistaka og urðun

í Bolaöldum, geymsla á jarðefnaeldsneyti við Suðurlandsveg og fyrirhuguð lagning Sandskeiðslínu 1 eru dæmi um starfsemi sem valda Veitum áhyggjum.

Eftirlitsmaður Veitna fylgist með vatnsverndarsvæðinu, þar á meðal flutningi á olíu og bensíni ásamt öðrum varasömum efnum (tafla 1). Farnar voru 15 ferðir árið 2016 í fylgd með bílum sem fluttu varasöm efni.

Árið 2016 var vinnu við ýmis verkefni sem stuðla að verndun neysluvatns fram haldið, svo sem að skipta út olíuspennum á vatnsverndarsvæðinu fyrir þurrspenna, sjá kafla um aðgang að rafveitu. Eins og fram kom í umhverfisskýrslu 2015 verður varaafsstöð á Jaðri í Heiðmörk, sem knúin er dísilolíu, ásamt olíugeymum flutt út fyrir vatnsverndarsvæðið árið 2018. Verkátun og áhættumat fyrir verkið verða unnin árið 2017.

Haustið 2016 hófust framkvæmdir við virkjun þriggja borhola í Vatnsendakrikum. Þetta er gert til að auka öryggi í rekstri vatnsveitunnar ásamt því að bregðast við fyrirsjáanlegri fjölgun íbúa á næstu árum. Unnið var áhættumat fyrir verkið og miklar kröfur gerðar til verktaka



Efri byggðir Reykjavíkur liggja nálægt vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Ljósmynd: Gretar Ívarsson.

FLUTNINGUR Á VARASÖMUM EFNUM Í FYLGD EFTIRLITSMANNS

STAÐUR	FLOKKUR	EINING	2012	2013	2014	2015	2016
Bláfjöll, skíðasvæði	Olía	lítrar	48.100	45.744	43.189	54.219	51.938
Elliðavatn, skógrækt	Olía	lítrar	918	1.486	1.649	2.688	856
Prihnjúkar	Olía	lítrar		3.000			
Jaðar	Olía	lítrar	2.488				
Olía samtals		lítrar	48.100	50.230	44.838	56.907	52.794
Bláfjöll, skíðasvæði	Bensín	lítrar	2.063	3.663	2.950	2.951	1.976
Bensín samtals		lítrar	2.064	3.664	2.950	2.951	1.976
Elliðavatn, skógrækt	Seyra	lítrar					17.500
Gvendarbrunnar	Seyra	lítrar	2.000			2.000	
Jaðar	Seyra	lítrar					
Vatnsendakrikar	Seyra	lítrar		2.500			
Vatnstankur T-4	Seyra	lítrar	2.500			2.000	
Seyra samtals		lítrar	4.500	2.500	0	4.000	17.500

Tafla 1. Magn eldsneytis og seyrur sem flutt var um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins í fylgd eftirlitsmanna á árunum 2012-2016.

í útboðsgögnum. Haldin voru námskeið fyrir verktaaka um framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum þar sem áhersla var lögð á stýringu á hættu og góða umgengni. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur. Hafnarjarðarbær kærði ákvörðun Skipulagsstofnunar frá því í desember 2014 um að aukin vatnsvinnsla í Vatnsendakrikum skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Í árslok 2016 felldi úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála ákvörðun Skipulagsstofnunar úr gildi. Framhaldið er óljóst þar til Orkustofnun og Skipulagsstofnun hafa skýrt út fyrir Veitum hver eigi að vera næstu skref.

Í byrjun árs 2016 var sumarbústaður sem OR eignaðist árið 2014 og stóð á vatnsverndarsvæði við Elliðavatn rifinn til að tryggja betri vatnsvernd á svæðinu.

Sameiginlegir hagsmunir vatnsveitna á höfuð-

borgarsvæðinu eru miklir og hafa verið settar fram hugmyndir að auknu samstarfi þeirra um vatnsöflun. Veitur munu fylgja þeim hugmyndum eftir og hvetja til aukins samstarfs vatnsveitna á svæðinu.

Margir eiga hagsmuna að gæta á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins og þarf að sætta mörg sjónarmið. Mikilvægt er að leggja ríka áherslu á vatnsvernd svo að komandi kynslóðir geti notið þeirra náttúrugæða sem heilnæmt og ómeðhöndlað vatn er.

Vatnsvernd á landsbyggðinni

Á Akranesi var árið 2016 unnið að verkefni til að bæta rennislismælingar frá lindarsvæðunum svo hægt sé að meta líkur á vatnspurrð. Verkinu lauk árið 2016 og verður rennislíð tengt við sjálfvirkan mælíbúnað árið 2017.

Fyrirsjáanlegt er að auka þurfi vinnslugetu


vatnsbólans í Rauðsgili við Steindórsstaði árið 2017, sjá kafla um aðgang að vatnsveitu.

Eftirlit með gæðum vatns

Á hverju ári tekur heilbrigðiseftirlitið sýni úr öllum vatnsveitum Veitna og Orku náttúrunnar til örverugreiningar og ræðst fjöldi sýna af neysluvatnsreglugerð nr. 536/2001. Einnig eru tekin sýni til heildarefnagreiningar (viðauki 8-9).

Árið 2016 voru 104 vatnssýni tekin í Reykjavík sem öll uppfylltu gæðakröfur. Niðurstöður úr sýnatöku síðustu sautján ára sjást á mynd 4. Frá árinu 2001 hafa 97-100% sýna uppfyllt gæðakröfur. Árið 2016 voru tekin 28 sýni á Akranesi, Álftanesi, Borgarfirði, Bláskógabyggð, Grundarfirði, Hellisheiði, Hvanneyri, Nesjavöllum, Reykholti og Stykkishólmi. Öll sýnin uppfylltu gæðakröfur.

GÆDI NEYSLUVATNS Í REYKJAVÍK



Mynd 4. Hlutfall vatnssýna í Reykjavík sem uppfylltu gæðakröfur árin 2001-2016.

Vissir þú?

- Neysluvatnið á Íslandi inniheldur lítið af steinefnum miðað við nágrannalönd okkar.





Gagnsemi veitna

Aðgangur að veitum samstæðu OR stuðlar að heilnæmum lífsskilyrðum fólks og tækifærum til umhverfisvænnar starfsemi í samfélaginu. Þessi jákvæðu umhverfisáhrif eru ráðandi þegar ákvarðanir eru teknar um þróun virkjana og veitna. Þær ákvarðanir eru byggðar á því að samstæða OR gerir miklar kröfur um gæði, afhendingaröryggi og hagkvæmni og birtir greinargóðar upplýsingar um starfsemina og framtíðaráætlanir sínar.

Aðgangur að fjölbreyttri notkun háhita

Leitað er leiða til að auka fjölbreytta notkun á varma, rafmagni og jarðhitaloфтtegundum frá Hellisheiðarvirkjun í jarðhitagarði við virkjunina. Aukin áhersla verður lögð á þetta verkefni árið 2017.

MARKMIÐ:

Að nýta á fjölbreyttan hátt afurðir háhitavirkjana, sér í lagi varma og rafmagn auk efnisstrauma sem annars þyrfti að farga eða losa, eftir því sem umhverfiskröfur og hagkvæmni leyfa. Framboð afurða miðast við hagkvæman rekstur kerfa í kjarnastarfsemi Orku náttúrunnar.

Árið 2016 hófst undirbúningur að stofnun og mótun jarðhitagarðs við Hellisheiðarvirkjun því fjölbreytt notkun jarðhitans getur aukið hagkvæmni og eflit umhverfisvænan rekstur og nýsköpun í atvinnulífi. Straumar jarðhitaloфтtegunda í virkjununum voru til dæmis magngreindir betur þannig að ljóst sé hvar og hversu mikið af þeim megi nýta.

Undanfarin ár hefur áhugi Orku náttúrunnar, OR, vísindamanna og mögulegra viðskiptavina aukist á því að nýta jarðhitaloфтtegundir. Árið 2016 lauk Vistgasverkefninu þar sem kortlagt var hvaða aðferðir henta til hreinsunar á koltvíoxíði ásamt því hvort skynsamlegt sé að nýta koltvíoxíð frá virkjuninni til eldsneytisframléiðslu. Verkefnið var styrkt af RANNÍS. Í lok árs 2016 hófu Orka náttúrunnar og Landsvirkjun í samvinnu við þýska fyrirtækið Electrochaea tilraunaframléiðslu á metangasi úr blöndu af vetni og koltvíoxíði með aðstoð hitakærra örvera. Gert er ráð fyrir að niðurstöður og hagkvæmnismat liggi fyrir vorið 2017. Árið 2016 var enn fremur sýnt fram á í verkefni sem kallast Gas í grjót að unnt er að

fjarlægja koltvíoxíð úr því vatni sem dælt er niður í jarðlögin. Þessar niðurstöður skjóta sterkari stoðum undir þann möguleika að nýta koltvíoxíð.

Árið 2016 stækkaði fyrirtækið GeoSilica framleiðslueiningu sína en þar er skiljuvatn frá virkjuninni nýtt til framléiðslu á fæðubótarefni.

Áfram verður unnið að því að kortleggja og kynna fjölbreytta notkun háhitans til þess að afla nýrra viðskiptavina sem geta nýtt framléiðslu háhitavirkjana betur.

Þegar ákvarðanir um nýsköpunarverkefni eru teknar í tengslum við þróun háhitavirkjana er krafan um jákvæð umhverfisáhrif ráðandi. Auk þess eru slíkar ákvarðanir alltaf byggðar á kröfum um gæði, öryggi og hagkvæmni.

Vissir þú?

Í jarðhitagarði við Hellisheiðarvirkjun er stefnt að því að auka fjölbreytta notkun jarðhitans til að auka hagkvæmni og efla umhverfisvænan rekstur virkjunarinnar.



Mosi á vegg stöðvarhúss Hellisheiðarvirkjunar og lofthreinsistöð í baksýn. Ljósmynd: Magnea Magnúsdóttir.

Aðgangur að rafveitu

Árið 2016 tryggðu Veitur íbúum og atvinnulífi á dreifisvæðinu rafmagn sem samræmist gæðastöðlum og ákvæðum í lögum og reglum. Á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins hefur verið leitast við að skipta út olíufylltum loftlínuspennum og setja í stað þeirra jarðlínustöðvar með þurrspennum til að stuðla að verndun neysluvatns.

MARKMIÐ:

Íbúar og atvinnustarfsemi á dreifisvæðum Veitna eigi þess kost að tengjast rafveitu. Afhendingarrof í rafveitu sé óverulegt m.a. vegna áreiðanleika í uppbyggingu dreifikerfisins. Gæði rafmagns sé í samræmi við gæðastaðla og reglugerðir.

Veitur dreifa rafmagn á Akranesi, Mosfellsbæ, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Garðabæ norðan Hraunholtslækjar og að Hellið í sveitarfélaginu Ölfusi (mynd af veitusvæði samstæðu OR í viðauka 1). Rúmlega 100 þúsund heimili (um 55% þjóðarinnar) og fyrirtæki voru tengd við rafdreifikerfi Veitna árið 2016, þar af voru nýir notendur tæplega 850. Styrkja þarf dreifikerfi Veitna á veitusvæðinu til að mæta fjölgun íbúa, þéttingu byggðar, iðnaðaruppbyggingu og rafvæðingu samgangna og hafna á næstu árum.

Aðgengi allra að rafmagn þar sem afhendingarrof er óverulegt er ein af forsendum blómlegs nútíma samfélags, sjá sjálfbærni-markmið Sameinuðu þjóðanna. Stöðugt er fylgst með álagi í rafdreifikerfinu og árlega er

gerð úttekt á gæðum spennu í kerfinu. Á árinu 2016 uppfyllti rafmagn á höfuðborgarsvæðinu gæðastaðla og ákvæði í lögum og reglugerðum. Forgangsraðað var í nauðsynlegustu framkvæmdir til að styrkja og lagfæra rafdreifikerfið.

Í Lækjarbotnum var tveimur olíufylltum loftlínuspennum skipt út og í stað þeirra sett upp jarðlínustöð með þurrspenni þar sem Lækjarbotnar eru á vatnsverndarsvæði. Á Kjalarnesi voru teknir niður fimm olíufylltir loftlínuspennar og jarðlínustöðvar með olíugryfjum teknar í notkun í stað þeirra. Skipt var út olíufylltum loftlínuspenni og þurrspennir settur í stað hans í loftlínustöð á grannsvæði vatnsverndar við sunnanvert Elliðavatn. Settur var upp olíufylltur loftlínuspennir til bráðabirgða fyrir þurrspenni við Helli á öryggissvæði vatnsverndar við Suðurlandsveg.

Vissir þú?

Rafdreifikerfi Veitna er um 3.415 km. Þar af eru um 128 km af loftlínunum og er unnið markvisst að því að koma þeim í jörð fyrir árið 2025.

Árið 2016 var unnið að lagningu þriðja áfanga Kjalarneslínu í jörð. Gert er ráð fyrir að framkvæmdum við Kjalarneslínu ljúki árið 2018. Byggingu nýrrar aðveitustöðvar lauk á Akranesi sem eykur afhendingaröryggi og mætir aukinni eftirspurn á rafmagn. Unnið var að lagningu fyrsta áfanga Úlfarsfellslínu í jörð.

Árið 2016 fækkaði rekstrartruflunum í rafdreifikerfinu bæði í lágspennu og háspennu rafdreifikerfinu frá árinu 2015. Þættir eins og veður og framkvæmdir hafa töluverð áhrif á fjölda truflana. Straumleysiminútur vegna fyrirvaralausra rekstrartruflana voru 23,0 mínútur árið 2016.



Unnið að endurnýjun rafdreifikerfis í miðbæ Reykjavíkur. Ljósmynd: Hildur Ingvarsdóttir.

Aðgangur að hitaveitu

Hitaveitur Veitna tryggja íbúum á dreifisvæðinu vatn til upphitunar af þeim gæðum sem samræmast skilgreiningum fyrirtækisins og ákvæðum í lögum og reglugerðum. Árið 2016 var unnið að endurnýjun beggja Reykjaæða yfir Ártúnsholt í Reykjavík. Ráðist var í ýmsar framkvæmdir á Vestur- og Suðurlandi til að tryggja þar rekstraröryggi hitaveitna.

MARKMIÐ:
Íbúar á dreifisvæðum Veitna eigi kost á tengingu við dreifikerfið í samræmi við tengiskilmála fyrirtækisins. Að uppfylltum þörfum íbúa gefist fyrirtækjum kostur á að nýta heitt vatn í atvinnurekstri. Útvíkkun dreifikerfis og sérstakar tengingar viðskiptavina ráðist m.a. af tæknilegum forsendum og hagkvæmni.

Veitur reka þrettán hitaveitur, sjö á Suðurlandi, fimm á Vesturlandi og eina á höfuðborgarsvæðinu sem er sú stærsta og framleiddi rúmlega 69 milljónir m³ af heitu vatni árið 2016. Heitt vatn á höfuðborgarsvæðinu kemur frá Nesjavöllum og Hellisheiði, frá Elliðaárdal og Laugarnesi innan borgarmarka Reykjavíkur og Reykjum og Reykjahlíð í Mosfellsbæ (mynd 5, tafla 2 og mynd af veitusvæði samstæðu OR í viðauka 1). Í viðauka 10 má sjá hvaðan mismunandi hlutar höfuðborgarsvæðisins fá heita vatnið. Afkastageta dreifikerfisins með áætlaðri uppbyggingu á höfuðborgarsvæðinu er nægileg til að mæta líklegri fjölgun íbúa og iðnaðaruppbyggingu næstu árin.

Þjóðanna. Árið 2016 var unnið að endurnýjun beggja Reykjaæðanna yfir Ártúnsholt en þær eru um 20 km að lengd hvor um sig og liggja frá jarðhitasvæðunum að Reykjum og Reykjahlíð í Mosfellsbæ að vatnsgeymunum í Öskjuhlíð. Unnið var að ýmsum framkvæmdum á Suður- og Vesturlandi til að tryggja rekstraröryggi hitaveitnanna, sjá kafla um stýringu vinnslu á lághitasvæðum.

Rúmlega 56 þúsund notkunarstaðir voru tengdir við dreifikerfi hitaveitu Veitna árið 2016, þar af voru nýir tæplega 250. Dreifikerfi hitaveitanna þjónar alls um 70% þjóðarinnar.


Vissir þú?

Brennisteinsvetni í hitaveituvatni veldur hveralykt en það kemur einnig í veg fyrir tæringu í lögnum og ofnum.



Aðgengi allra að hitaveitu þar sem afhendingarrof er óverulegt er ein af forsendum heilbrigðis íbúa og blómlegs atvinnulífs í nútíma samfélag, sjá sjálfbærnimarkmið Sameinuðu

HEITAVATNSÖFLUN EFTIR MÁNUÐUM



Mynd 5. Heitavatnsöflun eftir mánuðum á dreifisvæði Veitna árið 2016.



Unnið við hitaveitu í Reykjavík. Ljósmynd: Bjarni Líndal Snorrason.

HITAVEITUR VEITNA

VEITA	VIRKJANASVÆÐI	FJÖLDI HOLA	FRAMLEITT MAGN		VATNSMAGN	ATHUGASEMDIR	ÚRBÆTUR
			þús. tonn	l/s			
Höfuðborgarsvæðið	Laugarnes	10	4.972	158	Nægjanlegt		
	Elliðaáar	7	1.766	56	Nægjanlegt		
	Reykir	22	12.582	399	Nægjanlegt	Heildsala til Mosfellsbæjar	
	Reykjahlíð	12	14.236	451	Nægjanlegt	Heildsala til Mosfellsbæjar	
	Nesjavellir	18	27.472	871	Nægjanlegt		
	Hellisheiði	31	8.421	267	Nægjanlegt		
VESTURLAND:							
HAB	Deildartunguhver	1	4.131	131	Takmarkað		Rannsóknun vegna öflunar heits vatns verður haldið áfram 2017
	Borholur að Bæjum	2	492	16	Takmarkað		
Skorradalur	Borhola að Stóru Drageyri	1	296	9	Nægjanlegt		
Munaðarnes	Borhola í Munaðarnesi	1	207	7	Nægjanlegt		
Norðurárdalur	Borhola í Svartagili	3	534	17	Nægjanlegt		
Bífröst	Borhola við Bífröst	1	157	5	Nægjanlegt		
Stykkishólmur	Borholur við Stykkishólm	2	811	26	Nægjanlegt	Ein hola nýtt til niðurdælingar og sem varaafli	
SUÐURLAND:							
Hveragerði	Borholur í Hveragerði	2	1.054	33	Takmarkað	Gufuveita og hringrásarkerfi	Unnið að úrbótum í forðamálum
Ölfus	Bakki II	1	71	2	Nægjanlegt		
Þorlákshöfn	Bakki I	2	1.134	36	Nægjanlegt		
Austurveita	Borholur við Gíjufurárholt	3	438	14	Nægjanlegt	Hluti vatns nýttur í Hveragerði	
Grímsnesveita	Borholur í Öndverðarnesi	3	1.884	60	Yfirdrifið	Einungis tvær holur nýttar	
Hlíðarveita	Borhola að Efri-Reykjum	1	793	25	Nægjanlegt	Borholan þjónar tveimur hitaveitum	
Rangárveita	Borholur við Kaldárholt	2	2.000	63	Nægjanlegt		Unnið við rannsóknir til að afla meira af heitu vatni
	Borholur við Laugaland	2	293	9	Takmarkað		

Tafla 2. Hitaveitur samstæðu OR ásamt upplýsingum um vatnsmagn, athugasemdir og úrbætur.

Aðgangur að vatnsveitu

Árið 2016 tryggðu vatnsveitur Veitna og Orku náttúrunnar íbúum og fyrirtækjum á veitusvæðinu neysluvatn sem samræmist gæðastöðlum og ákvæðum í lögum og reglum. Fyrirsjáanlegt er að auka þurfi vinnslugetu vatnsbólsins í Rauðsgili við Steindórsstaði á Vesturlandi árið 2017.

MARKMIÐ:

Íbúar á dreifisvæðum Veitna og Orku náttúrunnar hafi tryggan aðgang að vatni í samræmi við gæðastaðla og reglugerðir. Að þörfum íbúa uppfylltum gefist fyrirtækjum kostur á að nýta drykkjarvatn til framleiðslu eða útflutnings. Útfærsla dreifikerfisins utan þéttbýlis og sérstakar tengingar viðskiptavina ráðist m.a. af tæknilegum forsendum og hagkvæmni.

Vinnsla á neysluvatni fyrir höfuðborgarsvæðið er í Heiðmörk en Veitur reka auk þess vatnsveitur í Stykkishólmi, Grundarfirði, á Akranesi, í Borgarnesi og uppsveitum Borgarbyggðar, í Úthlíð og á Álftanesi. Kalt vatn er jafnframt selt í heildsölu til Seltjarnarness og Mosfellsbæjar (mynd 6). Orka náttúrunnar rekur vatnsveitur við Nesjavallavirkjun og Helliðarvirkjun. Sjá töflu 3 og mynd af veitusvæði samstæðu OR í viðauka 1.

Á veitusvæðinu hafa Veitur og Orka náttúrunnar náð þeim gæðum á kalda vatninu sem samræmist gæðastöðlum og ákvæðum laga og reglna. Í lok árs kom upp alvarleg bilun í síubúnaði við Grábrók og er verið að meta stöðuna. Vegna áförmu um það stað við Deildartunguhver er fyrirsjáanlegt að árið 2017 þurfi að auka vinnslugetu vatnsbólsins í Rauðsgili við Steindórsstaði sem sér Reykholti og Kleppjárnsreykjum fyrir neysluvatni.

Aðgengi allra að heilnæmu drykkjarvatni þar sem afhendingarrof er óverulegt eru ein af forsendum heilbrigðis íbúa og blómlegs

atvinnulífs í nútíma samfélagi, sjá sjálfbærni-markmið Sameinuðu þjóðanna. Markvisst er unnið að forvörnum og eftirliti til að tryggja heilnæmi vatnsins enda geta Veitur og Orka náttúrunnar ekki innkallað mengað neysluvatn.


Tæplega 25 þúsund notkunarstaðir voru tengdir við dreifikerfi Veitna árið 2016, þar af voru nýir rúmlega 150. Þess ber að geta að upplýsingar um notkunarstaði vantar í sumum tilfellum þar sem húseigendur lögðu stóran hluta inntaka á sínum tíma. Dreifikerfi vatnsveitnanna þjónar alls um 45% þjóðarinnar.

Vissir þú?

Þegar vatnsveita er hönnuð er horft til framtíðar því hún þarf að endast í 60-100 ár.



VATNSÖFLUN EFTIR MÁNUÐUM



Mynd 6. Vatnstaka eftir mánuðum á dreifisvæði Veitna árið 2016.



Unnið við vatnsveitu í Reykjavík. Ljósmynd: Hildur Ingvarsdóttir.

VATNSVEITUR VEITNA

SVÆÐI	VEITA	BRUNNSVÆÐI	EFTIRLITS- AÐFERÐ	FRAMLEITT MAGN		ATHUGA- SEMDIR	ÚRBÆTUR
				pús. tonn	l/s		
Höfuðborgar- svæðið	Reykjavík	Gvendarbrunnasvæði, Myllulækjarsvæði og Vatnsendakriki	Borholumæling	23.305	739		
	Seltjarnanes						
	Mosfellsbær						
	Álftanes	Vatnsendakriki	Borholumæling	420	13	Vatn keypt af Garðabæ	
Vesturland	Akranes	Berjadalur, Slöguveita og Ósveita	Yfirfall	1.379	44	Vatn geislað	
	Borgarnes, Bifröst og Munaðarnes	Grábrók, Seleyri til vara fyrir Borgarnes	Borholumæling	1.327	42	Vatnsból við Seleyri er nýtt sem varavatnsból fyrir Borgarnes í vatnsskorti og þegar mikið grugg mælist í Grábrók	Síubúnaður sem settur var upp við Grábrók haustið 2015 er ónýtur, verið er að meta stöðuna
	Grundarfjörður	Grund	Borholumæling	604	19		
	Hvanneyri	Fossamelar	Yfirfall	59	2		
	Reykholt og Kleppjárnsreykir	Steindórsstaðir	Borholumæling	134	4	Innrennsli vatns hefur minnkað	Hugað verður að úrbótum árið 2017
	Stykkishólmur	Svelgsárhraun	Yfirfall	554	18		
Suðurland	Hlíðarveita	Bjarnarfell	Yfirfall	80	3	Vatn fengið hjá Bláskógabyggð ef vatn skortir	

VATNSVEITUR ORKU NÁTTÚRUNNAR

SVÆÐI	VEITA	BRUNNSVÆÐI	EFTIRLITS- AÐFERÐ	FRAMLEITT MAGN		ATHUGA- SEMDIR	ÚRBÆTUR
				pús. tonn	l/s		
Hengill	Helliðshéið	Engidalur	Borholumæling	23.936	759		
	Nesjavellir	Grámelur	Tankmælingar	56.713	1.798	Varmamengun	Draga verulega úr varmalosun fyrir mitt ár 2017

Tafla 3. Vatnsveitur Veitna og Orku náttúrunnar ásamt upplýsingum um hvers konar eftirlitsaðferð er höfð með vatnsstöðu á hverju svæði, vatnsmagn, athugasemdir og úrbætur.

Aðgangur að fráveitu

Árið 2016 lauk að mestu framkvæmdum við nýjar hreinsistöðvar á Akranesi, Borgarnesi og Kjalarnesi og verða þær gangsettar vorið 2017. Á öllu safnsvæði Veitna eiga íbúar og atvinnulíf þess nú brátt kost að tengjast veitukerfi eða hreinsivirki.

MARKMIÐ:

Íbúar og atvinnustarfsemi á safnsvæðum Veitna eigi þess kost að tengjast veitukerfi eða hreinsivirki sem uppfyllir kröfur í lögum og reglugerðum.

Veitur annast uppbyggingu og rekstur fráveitu í Reykjavík, á Akranesi, í Borgarnesi, á Bifröst, Hvanneyri, Varmalandi og í Reykholti. Þá er frárennsli frá Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi auk hluta Garðabæjar hreinsað í hreinsistöðvum fráveitunnar við Ánanaust og Klettagarða (mynd af veitusvæði samstæðu OR í viðauka 1). Í Reykjavík, Akranesi og Borgarnesi eru nær allir íbúar og fyrirtæki tengd lagnakerfi eða hreinsivirki.

Aðgengi íbúa og atvinnulífs að fráveitukerfi eru ein af forsendum heilbrigðis og blómlegs nútíma samfélags, sjá sjálfbærnimarkmið

Sameinuðu þjóðanna. Árið 2016 héldu fráveituframkvæmdir Veitna á Vesturlandi áfram og voru þær umfangsmestu lagning sjólagna í Borgarnesi og lagna meðfram Krókalóni á Akranesi. Auk þess var unnið við dælu- og hreinsibúnað, stálsmiði og rafmagns- og stjórnkerfum. Hreinsistöðvarnar verða gangsettar vorið 2017 og í framhaldi af því hefjast framkvæmdir við tengingu lóða sem ekki hafa aðgang að fráveitu. Á öllu safnsvæði Veitna eiga íbúar og atvinnulíf þess nú brátt kost að tengjast veitukerfi eða hreinsivirki.

Vissir þú?

Yfir milljarður jarðarbúa er án vatns- og fráveitukerfis en þau eru ein af forsendum heilbrigðis í nútíma borgarsamfélagi.



Við hreinsistöðina í Kalmansvík á Akranesi. Ljósmynd: Fjóla Jóhannesdóttir.

Aðgangur að gagnaveitu

Gagnaveita Reykjavíkur rekur opið fjarskiptanet, Ljósleiðarann, sem er traust gæðasamband sem nær til um 80 þúsund heimila og þúsunda fyrirtækja. Aðgangur að opnu háhraðadreifikerfi fjarskipta er grunnur að því að auka skilvirkni í afgreiðslu mála, stuðlar að snjallvæðingu samfélaga og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

MARKMIÐ:

Íbúar og atvinnustarfsemi á þjónustusvæði Gagnaveitu Reykjavíkur eigi þess kost að tengjast háhraða dreifikerfi fjarskipta Gagnaveitu Reykjavíkur, Ljósleiðaranum. Dreifikerfið er byggt upp með áreiðanleika að markmiði og framsýni til áframhaldandi þróunar í framtíðinni. Gagnaveita Reykjavíkur er ISO 9001 vottað fyrirtæki sem starfar eftir staðlinum og setur sér mælanleg markmið til að tryggja þjónustustig viðskiptavina.

Gagnaveita Reykjavíkur er fjarskiptafyrirtæki í eigu Orkuveitu Reykjavíkur. Starfsemin felst í uppbyggingu og rekstri á háhraða dreifikerfi fjarskipta og viðskiptum með kerfið, þ.e. sölu á gagnaflutningsþjónustu til heimila, fyrirtækja og stofnana á Suðvesturlandi. Fyrirliggjandi framkvæmdaáætlun Gagnaveitu Reykjavíkur miðast við að tengja öll heimili á Stór-Reykjavíkursvæðinu á næstu árum.

Dreifikerfi Gagnaveitu Reykjavíkur byggir á ljósleiðarakerfi og IP netkerfi. Fyrirtækið hefur það að leiðarljósi að ganga vel um og draga úr raski við framkvæmdir jafnt utan- sem innandyrna hjá viðskiptavinum. Verkefnið „Ein heimsókn“ styður við umhverfisstefnu samstæðunnar þar sem ekki þarf að fara tvær ferðir eða fleiri til viðskiptavina við uppsetningu

Vissir þú?

Gagnaveita Reykjavíkur notar app við skráningu upplýsinga vegna framkvæmda og hefur þannig dregið úr pappírnotkun.

ljósleiðara og fjarskiptabúnaðar. Hluti af bílum Gagnaveitu Reykjavíkur eru rafmagnsbílar og er umhverfiseinkunn bíla höfð að leiðarljósi við val á þeim.

Aðgengi allra að opnu háhraðadreifikerfi fjarskipta er grunnur að því að auka skilvirkni, hraða og hagkvæmni við t.d. úrvinnslu mála og getur stuðlað að snjallvæðingu samfélaga, sjá sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna. Ljósleiðarinn er því tæknilausn sem dregur úr pappírnotkun og einnig úr losun gróðurhúsalofttegunda með því að fækka ferðalögum á milli staða.

Um 80 þúsund heimili og þúsund fyrirtæki voru tengd við Ljósleiðarann árið 2016.



Íbúar og atvinnustarfsemi á þjónustusvæði Gagnaveitu Reykjavíkur eigi þess kost að tengjast háhraða dreifikerfi fjarskipta Gagnaveitu Reykjavíkur, Ljósleiðaranum. Ljósleiðarakerfið er byggt upp með áreiðanleika að markmiði og framsýni til áframhaldandi þróunar í framtíðinni. Gagnaveita Reykjavíkur er ISO 9001 vottað fyrirtæki sem starfar eftir staðlinum og setur sér mælanleg markmið til að tryggja þjónustustig viðskiptavina.





Áhrif losunar

Starfsemi samstæðu OR leiðir óhjákvæmilega til þess að efni og orka losna út í umhverfið. Helst ber að nefna losun á jarðhitavatni, hitaveituvatni og jarðhitalofttegundum eins og brennisteinsvetni, koltvíoxíði og metani frá virkjunum Orku náttúrunnar á Hengilssvæðinu og losun skólps frá fráveitukerfi Veitna. Samstæðan gætir fyllstu varúðar í starfsemi sinni. Losun fer því aðeins fram að áhrif á heilsu séu hverfandi og áhrif á umhverfi viðunandi. Samstæða OR dregur úr losun mengandi efna í samræmi við kröfur laga og reglugerða og leitast við að ganga lengra eins og kostur er. Lögð er áhersla á rannsóknir og þróun til að geta nýtt bestu mögulegu lausnir í þeim tilgangi.

Losun jarðhitavatns og eftirlit með grunnvatni

Um 95% af jarðhitavatninu frá Hellisheiðarvirkjun hefur verið skilað niður í niðurdælingarsvæðin við virkjunina. Ljóst er að geta þeirra til að taka við öllu jarðhitavatni sem til fellur við orkuvinnsluna er takmörkum háð. Sett er í forgang að ná fullum tókum á losun jarðhitavatns við Hellisheiðarvirkjun og Nesjavallavirkjun.

MARKMIÐ:

Að uppfyllt séu virkjunar- og starfsleyfi vegna efna- eða varmamengunar í grunnvatni utan skilgreindra þynningarsvæða í næsta nágrenni við orkuver. Að skiljuvatni sé ekki fargað um yfirfall á yfirborði jarðar nema þegar bilanir verða. Að vinna á móti þrýstifalli í jarðhitakerfinu.

Við Hellisheiðarvirkjun er meirihluta jarðhitavökvans (blanda af jarðhitavatni, jarðgufu og jarðhitalofttegundum) sem kemur úr jarðhitageyminum skilað aftur í hann um niðurdælingarholur. Jarðhitavatnið samanstendur af skiljuvatni (sá hluti jarðhitavökvans sem skilinn er frá jarðgufunni við ákveðinn þrýsting og ferðast þannig áfram um vinnsluferli virkunar) og þéttvatni (jarðgufa sem þétt er í eimsvala eftir að hún hefur nýst til að knýja áfram gufuhverfla og getur innihaldið uppleystar jarðhitalofttegundir). Samkvæmt nýtingarleyfi á að skila öllu skiljuvatni og hluta þéttvatnsins niður í jarðhitageyminn.

Tilgangur niðurdælingar jarðhitavatns er að vernda yfirborðsvatn og grunnvatn því jarðhitavatnið hefur aðra efnasamsetningu, er heitara en grunnvatn og talið geta spillt því.


Ennfremur er takmarkið með því að dæla niður jarðhitavatni í jarðhitageyminn að lengja nýtingartíma hans.

Viðtaka niðurdælingarsvæða við Hellisheiðarvirkjun

Magn jarðhitavatns við Hellisheiðarvirkjun var rúmlega 20 milljónir tonna í lok árs 2016 (mynd 7 og tafla 4). Eins og fram kom í umhverfisskýrslum 2014 og 2015 hefur verið unnið að mörgum rannsóknar- og þróunarverkefnum til að uppfylla kröfur um niðurdælingu á Hellisheiði og hefur talsverður árangur náðst:

- Hegðun niðurdælingarsvæða hefur verið greind.
- Jarðhitavatn er kælt til að auðvelda losun þess og hefur reynst vel.

LOSUN JARÐHITAVATNS



Mynd 7. Magn jarðhitavatns (tonn/mánuði) frá Hellisheiðarvirkjun 2007 – 2016 eftir losunarleiðum. Þar til í september 2011 var stærstum hluta jarðhitavatnsins dælt niður í holur við Gráuhnúka. Jarðhitavatn jókst frá virkjuninni þegar Sleggjan var gangsett haustið 2011 en þá var niðurdælingarsvæðið við Húsmúla tekið í fullan rekstur. Síðan þá hefur jarðhitavatn aukist frá virkjuninni. Niðurdæling í aflagðar vinnsluholur innan vinnslusvæðis hófst árið 2014 og í borholur í Prengslum árið 2016. Mjög dró úr losun jarðhitavatns á yfirborði um yfirfall síðla árs 2011 með endurbótum í rekstri virkjunarinnar en hún jókst á ný um mitt ár 2014 með dvínandi viðtöku niðurdælingarsvæða.

LOSUN JARÐHITAVATNS FRÁ HELLISHEIÐARVIKJUN

ÁR	SKILJUVATN Á YFIRFALL	JARÐHITAVATN Í GRÁUHNÚKA	JARÐHITAVATN Í HÚSMÚLA	JARÐHITAVATN Í PRENGSLI	JARÐHITAVATN INNAN SVÆÐIS	JARÐHITAVATN SAMTALS
	Tonn/ári	Tonn/ári	Tonn/ári	Tonn/ári	Tonn/ári	Tonn/ári
2007	215.290	6.502.485	0			6.717.776
2008	482.961	5.439.180	1.123.300			7.045.441
2009	2.050.421	5.334.842	1.381.544			8.766.807
2010	571.887	5.684.478	1.825.974			8.082.339
2011	505.895	5.373.601	6.461.122			12.340.619
2012	163.496	5.223.595	13.358.110			18.745.201
2013	232.714	7.620.175	11.732.828			19.585.717
2014	1.024.406	8.281.272	11.981.788		859.838	22.147.304
2015	1.869.993	8.422.037	10.106.776		3.802.757	24.201.563
2016	1.025.403	8.585.414	7.831.161	288.054	2.686.880	20.416.911
SAMTALS	8.142.468	66.467.080	65.802.602	288.054	7.349.475	148.049.678

Tafla 4. Jarðhitavatn (tonn/ári) frá Hellisheiðarvirkjun 2007-2016 eftir losunarleiðum.

- Jarðhitavatni hefur verið dælt í vinnsluholur sem ekki nýtast til gufuvinnslu í Sleggju-beinsdal. Síðla árs 2016 voru þrjár slíkar holur á Skarðsmýrarfjalli nýttar í niðurdælingu og áformað er að bæta við tveimur sumarið 2017. Þannig er niðurdælingu dreift um vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar.
- Seinni hluta árs 2016 hófst niðurdæling í borholur á CarbFix svæðinu sem er utan við vinnslusvæði virkjunarinnar.
- Með íblöndun þéttvatns er dregið úr útfellingum í niðurdælingarholum.
- Horft er til þess að fjölga niðurdælingarholum eða að leiða jarðhitavatn til sjávar.

Auk þessara verkefna var þess freistað að örva niðurdælingarholur með lút en það gekk ekki sem skyldi.

Afrakstur ofangreindra verkefna árið 2015 og 2016 er sá að unnt er að dæla að mestu niður vaxandi magni jarðhitavats. Verkefnin halda áfram árið 2017 því betur má ef duga skal. Viðtaka niðurdælingarsvæðanna dugur ekki eins og sakir standa til að koma öllu jarðhitavatni sem fellur til við orkuvinnsluna aftur niður í jarðhitageyminn. Ljóst er að um fyrisjáanlega framtíð krefst rekstur Hellisheiðarvirkjunar margvíslegra aðgerða og að leitað sé nýrra leiða í þessa veru. Sumarið 2016 var loksins unnt að hvíla vatnsmiklar holur á vestanverðu vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar og dró það nokkuð úr álagi á niðurdælinguna.

Við rekstur niðurdælingarinnar hefur verið fylgt verklagi sem dregur úr líkum á aukinni skjálfta-

virgni, sjá kafla um jarðskjálfta vegna losunar jarðhitavats.

Magn jarðhitavats frá Hellisheiðarvirkjun eftir losunarleiðum

Niðurdælingarveitan er viðkvæm fyrir hvers kyns breytingum í rekstri og fóru um 5% af jarðhitavatni á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun, þar af rúmlega einn tíundi hluti vegna stórfelldra bilana. Leyfisveitendum hefur verið haldið upplýstum um stöðuna og þær aðgerðir sem hægt er að grípa til hverju sinni og þau verkefni sem unnið er að til að auka viðtöku niðurdælingarveitu virkjunarinnar.

Á mynd 7 má sjá magn jarðhitavats frá Hellisheiðarvirkjun og losunarleiðir þess, sjá einnig mynd 2 í kafla um stýringu vinnslu á háhitavæðum. Á árinu 2016 var um 19 milljónum tonna af jarðhitavatni dælt niður í jarðhitakerfið við Gráuhnúka, Húsmúla og í aflagðar vinnsluholur (niðurdæling innan vinnslusvæðis) og um 0,3 milljónum tonna í borholur við Prengsli. Hluti jarðhitavats, rúmlega 1 milljón tonna, var losaður um yfirfall við yfirborð (tafla 4). Tæplega 130 milljónir tonna af jarðhitavatni hafa farið niður í jarðhitakerfið og rúmlega 8 milljónir tonna á yfirfall frá því virkjunin var gangsett.

Í viðauka 11 er að finna yfirlit atvika frá árinu 2016 sem urðu þess valdandi að jarðhitavatn fór á yfirfall við Hellisheiðarvirkjun og Hverahlíð og voru tilkynnt til leyfisveitenda. Haustið 2016 hófust framkvæmdir við að opna leið fyrir yfirfallsvatn niður í sprungur þannig að ekki myndist tjörn á yfirborði. Verkefnið

gengur vel og virðast sprungurnar enn sem komið er taka við vatninu. Sumarið 2017 verður lokið við frágang á svæðinu, landið lagað að umhverfi og staðargróður nýttur til að græða upp svæðið.

Þrýstingsstuðningur jarðhitavats við Hellisheiðarvirkjun

Jarðhitageymirinn er vaktaður, t.d. með ferilefnum, efna- og aflmælingum ásamt þrýsti- og hitamælingum í borholum, svo unnt sé að greina áhrif niðurdælingarinnar á hann. Niðurstöður sýna að niðurdælingin styður við þrýsting í hluta jarðhitageymisins. Þau kælingaráhrif sem búið var við í vinnsluholum hafa ekki komið fram, sjá kafla um stýringu á vinnslu úr háhitavæðum. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi milli niðurdælingar og vinnslu á svæðinu og stýra vatnsmagni í niðurdælingarholur til að hindra kælingu svæðisins en um leið að veita hæfilegan stuðning við þrýsting vinnslusvæðanna.

Eftirlit með grunnvatni við Hellisheiðarvirkjun

Fylgst hefur verið með áhrifum Hellisheiðarvirkjunar á grunnvatn í vöktunarholum við og í nágrenni hennar undanfarinn áratug. Árið 2016 var eftirlit aukðið og ein vöktunarhola (KH-50) bættist við þær 17 holur sem fyrir voru. Tekin eru sýni til heildarefna- og snefilefnagreiningar ásamt því að mæla hitastig, leiðni og sýrustig (viðauki 12 og 13). Styrkur efna í holunum er langt undir neysluvatnsmörkum.



Við Þingvallavatn. Ljósmynd: Gretar Ivarsson.

Yfirfall Hellsheiðarvirkjunar losar eingöngu skiljuvatn sem inniheldur mun hærra styrk flestra aðalefna og margra snefilefna en eru í grunnvatni á svæðinu. Því getur verið tiltölulega auðvelt að sjá mengun frá yfirfallinu eftir því sem fram líða stundir. Ekki hafa mælst visbendingar um jarðhitavatn frá yfirfalli Hellsheiðarvirkjunar í neinni vöktunarholu. Hins vegar er styrkur súlfats orðinn umtalsvert yfir bakgrunnsörðum í holum KH-7 (norðan við Hellsheiðarvirkjun) og í holum HK-7 og KH-50 án þess að styrkur kísils, natríums og klórs, sem fylgja skiljuvatni, hafi aukist að ráði. Súlfat verður til við oxun brennisteinsvetnis sem fylgir gufunni í virkjuninni. Fram til ársins 2016 þegar stækkuð lofthreinsistöð var gangsett við Hellsheiðarvirkjun var megninu af brennisteinsvetninu hleypt út á kæliturnna ásamt þéttivatni þar sem oxunin fór fram. Um það bil 10 kg/s vatns fer um yfirfall hvers kæliturns en þetta vatn er losað í grunnar svelgholur við virkjunina. Ennfremur hafa snefilefni sem eru aðallega á gasformi mælst í holu KH-50 (selen og kvikasilfur, þó bæði langt undir neysluvatnsmörkum) á meðan önnur efni sem fylgja að megninu til skiljuvatninu, t.d. arsen, hafa ekki mælst í sömu holu. Fylgst verður áfram með efnasamsetningu í vöktunarholum til að fá betri mynd af grunnvatnsstraumum og losun jarðhitavats frá Hellsheiðarvirkjun.

Í viðauka 14 er sýndur dæmigerður styrkur nokkurra snefilefna í jarðhitavatni frá Hellsheiðarvirkjun og hámarksgildi þeirra í neysluvatni.

Átak í niðurdælingu við Nesjavallavirkjun
Jarðhitavatn við Nesjavallavirkjun er skilju- og þéttivatn en auk þess fellur þar til upphitað grunnvatn úr Grámél við Þingvallavatn sem notað er til kælingar á vélum en nýttist ekki í hitaveitu þegar álag hennar er lítið. Ráðist var

í átaksverkefni á Nesjavöllum á árinu 2015 til að losa jarðhitavatn frá virkjuninni niður fyrir efri grunnvatnslög með niðurdælingu og lauk mörgum þeirra árið 2016 og skiluðu góðum árangri. Nú er tæplega 65% jarðhitavatsins skilað niður fyrir köld grunnvatnslög um niðurdælingarholur en afgangurinn er losaður við yfirborð, þ.e. í grunnar svelgholur eða í Nesjavallalæk. Er það nokkur bót frá því sem var síðustu ár. Á sumrin, þegar minni þörf er fyrir heitt vatn til húshitunar en á veturna, hefur stærsti hluti þess vatns sem losað er á yfirborði við Nesjavallavirkjun verið upphitað grunnvatn (tafla 5).

Þau verkefni sem unnið hefur verið að á Nesjavöllum árið 2015-2016 eru:

- Losun á jarðhitavatni í þrjár niðurdælingarholur sem áður var losað á eða við yfirborð.
- Tilraunaniðurdæling á upphituðu grunnvatni um tvær 170 m djúpar borholur á Mosfellsheiði og um eina holu í Kýrdal við Nesjavelli en hún nær niður í jarðhitageyminn. Mælingar benda til að niðurdæling í Kýrdal hafi haft áhrif á vinnsluholur og dregið úr afköstum þeirra.
- Endurhönnun á kæliturni þannig að vatn frá tveimur vélum virkjunarinnar sé kælt í stað einnar áður. Við það dregur úr kælivatnspörf frá vatnsbólunni við Grámél um þriðjung sem dregur verulega úr losun upphitaðs grunnvatns á sumrin.

Markmiðið með þessum verkefnum var að hætta stöðugri losun jarðhitavats á yfirborði í árslok 2016 ásamt því að finna góða lausn á nýtingu eða losun á umframvinnslu á upphituðu grunnvatni frá virkjuninni. Ljóst er að það mun dragast fram á a.m.k. mitt sumar 2017 að uppfylla þessi markmið. Það magn sem losað verður á yfirborð næstu fimm til tíu árin verður mun minna en það sem losað

Vissir þú?

Frá ísöld hefur nokkrum sinnum gosið í Henglinum. Fyrir um tvö þúsund árum rann t.d. Nesjahraun úr Kýrdalssprungu við Nesjavallavirkjun.

hefur verið á yfirborð undanfarna áratugi. Leyfisveitendum hefur verið haldið upplýstum um stöðuna. Til viðbótar við þessi verkefni hófst undirbúningur og hönnun á tengingu Árbæjarhverfis í Reykjavík við upphitað grunnvatn frá Nesjavallavirkjun til að auka nýtingu á umframframleiðslu þess á sumrin frá virkjuninni. Framkvæmdir eru áætlaðar árið 2017 og 2018.

Búast má við því að losa þurfi eitthvað af jarðhitavatni á yfirborð þegar stjörnbúnaður virkjunarinnar bregst við truflunum og sveiflum og verja þarf búnað fyrir áföllum.

Eftirlit með grunnvatni við Nesjavallavirkjun

Orku náttúrunnar ber að lágmarka áhrif virkjunarinnar á gæði grunnvatns og skal sérstaklega fylgjast með þessum áhrifum í Þingvallavatni (mynd 8). Fylgst er með áhrifum Nesjavallavirkjunar á grunnvatn í vöktunarholum í Nesjahrauni við virkjunina. Auk hitamælinga í holunum er einnig fylgst með efnasamsetningu og hita í borholum við Grámél, lækjum nálægt virkjuninni og uppsprettum við Þingvallavatn.

Eins og fram hefur komið í umhverfisskýrslum undanfarin ár er varmamengun vegna áhrifa frá virkjuninni í lindum og víkum við Þingvallavatn. Áhrifa hefur gætt á um 2 km kafla meðfram strönd vatnsins milli Markagjár og Grámels og ná þau niður á um 40 sm dýpi og eitthvað út frá ströndinni eftir veðuraðstæðum. Ofangreind verkefni miða öll að því að draga úr þessum áhrifum.

Í ágúst 2015 hófst ferilefnapróf við Nesjavallavirkjun til þess að kanna hvort jarðhitavatn sem losað er niður um 300 til 600 m djúpar niðurdælingarholur komi fram í lindum við Þingvallavatn. Niðurstöður úr sýnum úr lindum við Þingvallavatn og borholum við Grámél

LOSUN JARÐHITAVATNS FRÁ NESJAVALLAVIRKJUN

ÁR	NIÐURDÆLINGARHOLUR [þús. m ³ /ári]	YFIRBORÐ [þús. m ³ /ári]	JARÐHITAVATN SAMTALS [þús. m ³ /ári]	UPPHITAÐ GRUNNVATN Á YFIRBORÐ [þús. m ³ /ári]
2013	7.730	7.824	15.554	26.687
2014	7.317	8.367	15.684	29.333
2015	7.388	9.545	16.933	26.371
2016	9.917	5.504	15.421	24.009

Tafla 5. Jarðhitavatn (þúsund rúmmetrar/ári) frá Nesjavallavirkjun árið 2013-2016 eftir losunarleiðum. Mismunur á losun upphitaðs grunnvatns á yfirborð milli árana 2015 og 2016 helgast af því að vatni var dælt í borholur á Mosfellsheiði og borholu í Kýrdal


sýna að ferilefni hefur borist þangað og sýndi fram á það, þvert á það sem áður var talið, að jarðhitavatninu sem dælt er í niðurdælingarholurnar blandist grunnvatninu í Nesjahrauni. Aukin áhersla verður lögð á greiningu fyrirliggjandi gagna um efna- og varmamengun í Nesjahrauni til að fá betri mynd af streymi niðurdælingarvatns á svæðinu. Sú greining verður nýtt til að skipuleggja förgun jarðhitavats við Nesjavelli með það að markmiði að lágmarka efna- og varmamengun í Nesjahrauni.

Í viðauka 14 er sýndur dæmigerður styrkur nokkurra snefilefna í jarðhitavatni frá Nesjavallavirkjun og hámarksgildi þeirra í neysluvatni.

Grunnvatnslíkan af virkjunarsvæðunum

Grunnvatnslíkan af virkjunarsvæðunum er endurskoðað árlega, en það er hluti af grunnvatnslíkani sem nær einnig yfir vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Þessar upplýsingar eru mikilvægar fyrir vatnsöflun vegna hitaveituhluta virkjananna og vegna áhrifa jarðhitavats á grunnvatn.

VATNSHITI Í VARMAGJÁ VIÐ ÞINGVALLAVATN



Mynd 8. Vatnshiti (°C) í Varmagjá 1983-2016. Nesjavallavirkjun var gangsett árið 1990. Þegar rafmagnsframleiðsla hófst í virkjuninni árið 1998 jókst varmamengun umtalsvert en nokkuð dró úr henni þegar niðurdælingarholur voru teknar í notkun 2004-2008 og kæliturn gangsettur 2005.

Losun brennisteinsvetnis

Styrkur brennisteinsvetnis í byggð var undir vikmörkum reglugerðar árið 2016. Stækkun lofthreinsistöðvarinnar við Hellsheiðarvirkjun lauk í júlí árið 2016. Tæplega 50% af brennisteinsvetninu voru hreinsuð frá virkjuninni árið 2016.

MARKMIÐ:

Uppfyllt séu ákvæði reglugerða um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.

Losun brennisteinsvetnis (H_2S) frá virkjunum á Hengillsvæðinu hefur verið stærsta umhverfismál sem Orka náttúrunnar glímir við í rekstri sínum. Brennisteinsvetni veldur lyktarmengun, tæringu á málum og er hættulegt fólki í háum styrk. Losun brennisteinsvetnis frá Nesjavallavirkjun og Hellsheiðarvirkjun var samtals tæp 12 þúsund tonn árið 2016. Á mynd 9 er sýnd losun brennisteinsvetnis á orkueiningu frá Hellsheiði og Nesjavöllum.

Vöktun á styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti


Endurskoðað starfsleyfi fyrir Hellsheiðarvirkjun tók gildi í október árið 2016 og gildir til ársins 2028. Í ákvæði með starfsleyfinu kemur fram að Orka náttúrunnar skuli sjá um rekstur a.m.k. þriggja fastra loftgæðamæli-

stöðva og einnar færanlegrar stöðvar. Styrkur brennisteinsvetnis í andrúmslofti er vaktaður á virkjunarsvæðum og í byggð í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, þ.e. í Hveragerði, á Norðlingaholti, á iðnaðarsvæðinu við Hellsheiðarvirkjun og við Nesjavallavirkjun. Í febrúar 2015 var sett upp færanleg loftgæðamælistöð í Lækjarbotnum og verður hún rekin þar áfram a.m.k. yfir vetrartímann þegar vænta má þess að styrkur í andrúmslofti sé hæstur. Niðurstöður mælinga í rauntíma má nálgast á heimasíðum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, www.heilbrigðiseftirlitid.is og Umhverfisstofnunar, www.loftgaedi.is.

Árið 2016 var styrkur brennisteinsvetnis undir ársmeðaltalinu í Hveragerði ($3,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$) og á Norðlingaholti ($3,5 \mu\text{g}/\text{m}^3$). Styrkur var undir

viðmiðunarmörkum fyrir hámark daglegs hlaupandi 24 stunda meðaltals ($50 \mu\text{g}/\text{m}^3$) í Hveragerði en fór einu sinni yfir mörkin á Norðlingaholti en fara má þrisvar sinnum yfir mörkin ár hvert, mynd 10 og 11. Styrkur brennisteinsvetnis var ávallt undir tilkynningarmörkum ($150 \mu\text{g}/\text{m}^3$). Í viðauka 18 eru sýnd sólarhringsmeðaltöl og mánaðarmeðaltöl fyrir styrk brennisteinsvetnis í Hveragerði og á Norðlingaholti fyrir árið 2016. Í viðauka 19 eru tilgreind 30 hæstu klukkutímameðaltöl fyrir styrk brennisteinsvetnis í Hveragerði og á Norðlingaholti. Þessar upplýsingar má nálgast á heimasíðu Orku náttúrunnar, www.on.is. Á Hellsheiði var lágmarksstyrkur klukkutímameðaltals $0 \mu\text{g}/\text{m}^3$ og hámarksstyrkur $747 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er undir mengunarmörkum í vinnuumhverfi. Á Nesjavöllum var

LOSUN BRENNISTEINSVETNIS Á ORKUEINGU



Mynd 9. Losun brennisteinsvetnis (H_2S) á orkueiningu frá Hellsheiðarvirkjun 2007 – 2016 og frá Nesjavallavirkjun 1999 – 2016.

Nokkur munur er á losun milli ára sem skýrist meðal annars af magni vatns og gufu sem tekin eru upp úr svæðunum og breytileika á gasmagni milli þeirra.



Á Ölkelduhálsi. Ljósmynd: Gretar Ívarsson.

lágmarksstyrkurinn $0 \mu\text{g}/\text{m}^3$ og hámarksstyrkurinn $481 \mu\text{g}/\text{m}^3$ sem er undir mengunarmörkum í vinnuumhverfi. Í færanlegri loftgæðamælistöð Orku náttúrunnar í Lækjarbotnum mældist styrkur fimm sinnum yfir viðmiðunarmörkum fyrir hámark daglegs hlaupandi á 24 stunda meðaltals fyrri hluta árs 2016 og var ávallt undir tilkynningarmörkum.

Ein tilkynning var send til leyfisveitenda til að upplýsa þá um að styrkur brennisteinsvetnis fór yfir sólarhringsmörk í Norðlingaholti og ein tilkynning til að upplýsa um viðhaldsstopp í lofthreinsistöð við Helligsheiðarvirkjun. Ein ábending barst um brennisteinsvetni frá viðskiptavini og lét Orku náttúrunnar kanna hvort eitthvað óvenjulegt væri í gangi við virkjanirnar. Svo reyndist ekki vera og var viðskiptavinurinn upplýstur um það.

Mælingar á brennisteinsvetni í andrúmslofti með færanlegum handmæli hafa staðið yfir síðan árið 2000. Mælt hefur verið á rúmlega 130 mælistöðum á Hengilssvæðinu. Niðurstöður sýna að svæðisbundin marktæk lækkun hefur orðið í styrk brennisteinsvetnis á öllum svæðum nema vestan Helligsheiðarvirkjunar og á Ölkelduhálsi í kjölfar þess að lofthreinsistöð hóf rekstur í júní 2014. Rekja má hækkað styrk á Ölkelduhálsi til jarðhitavirkni á svæðinu en ekki er ljóst hvers vegna styrkur í andrúmslofti hefur hækkað vestan Helligsheiðarvirkjunar. Frekari mælingar munu væntanlega skýra hvað veldur.

Í viðauka 17 er greint frá viðmiðunarmörkum fyrir brennisteinsvetni í reglugerðum og sýndur samanburður á viðmiðunarmörkum í $\mu\text{g}/\text{m}^3$ annars vegar og ppm hins vegar.

Aukin afköst lofthreinsistöðvar við Helligsheiðarvirkjun

Í júlí 2016 lauk stækkun lofthreinsistöðvarinnar á Helligsheiði. Þar eru brennisteinsvetni og koltvíoxíð skilin frá öðrum jarðhitalofttegundum í gufunni með því að leysa þær upp í vatni frá virkjuninni og dæla niður í berglög á um 1.000 m dýpi. Lofthreinsistöðin getur nú hreinsað um 60% af brennisteinsvetninu úr gasútstreymi virkjunarinnar. Samkvæmt útreikningum var um 3.900 tonnum af brennisteinsvetni veitt niður í jarðlög árið 2016 eða tæplega 50% af því koltvíoxíði sem virkjunin losaði það ár. Niðurstöður rannsókna með ferilefnum sýna að um það bil 75% þess brennisteinsvetnis sem dælt er aftur niður í jarðhitakerfið binst þar í formi steinda innan árs.

Samhliða niðurdælingu á brennisteinsvetni var árið 2015 reistur gufuháfur við virkjunina í tilraunaskyni. Tilraunarrekstur háfsins hefur gengið vel. Í september 2016 var reist mastur fyrir veðurathuganir á Skarösmýrarfjalli sem meðal annars átti að nýta til að bæta spár vegna dreifingar brennisteinsvetnis frá Helligsheiðarvirkjun. Um miðjan nóvember 2016 hrundi mastrið í miklu ísingarveðri. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort mastrið verði reist á ný.


Rannsóknir á áhrifum brennisteinsvetnis á gróður

Árið 2012 hófst vöktun á gróðri í nágrenni jarðvarmavirkjana á Nesjavöllum og Helligsheiði. Ennfremur lauk doktorsverkefni árið 2016 þar sem áhrif efnalosunar á vistkerfin umhverfis virkjanirnar voru könnuð. Niðurstöður verkefnisins gáfu vísbendingar um að brennisteinsvetni hafi safnast fyrir í mosa og jarðvegi í næsta nágrenni virkjunarinnar. Ekki mældist marktækur munur á uppsöfnun snefilefna milli nágrennis virkjana annars vegar og viðmiðunarsvæða hins vegar. Auknar mælingar á losun snefilefna frá virkjunum og þéttara mælinganet á gróðri og jarðvegi umhverfis virkjanirnar voru lagðar til með það að markmiði að skýra hvernig ýmsir umhverfisþættir (t.d. veðurfar, jarðvegsgerð og landslag) hafa áhrif á dreifingu snefilefnanna.

• Vissir þú?


- Lofthreinsistöðin við
- Helligsheiðarvirkjun getur
- nú hreinsað um 60% þess
- brennisteinsvetnis sem
- kemur frá virkjuninni.

MÆLINGAR Á BRENNISTEINSVETNI (H₂S) Í HVERAGERÐI



Mynd 10. Sólarhringsstyrkur (hlaupandi 24 stunda meðaltal) brennisteinsvetnis (H₂S) í Hveragerði árið 2016. Til viðmiðunar eru sýnd umhverfismörk í reglugerð nr. 514/2010. Styrkur fór ekki yfir umhverfismörk

MÆLINGAR Á BRENNISTEINSVETNI (H₂S) Í NORÐLINGAHOLTÍ



Mynd 11. Sólarhringsstyrkur (hlaupandi 24 stunda meðaltal) brennisteinsvetnis (H₂S) á Norðlingaholti árið 2016. Til viðmiðunar eru sýnd umhverfismörk í reglugerð nr. 514/2010. Styrkur fór einu sinni yfir umhverfismörk.

Losun koltvísýrings, vetnis og metans

Aukinn áhugi er á því að nýta jarðhitaloftegundir og breyta þeim í verðmæti. Um 6.400 tonnum af koltvíoxíði hefur verið dælt niður í jarðlög við Hellisheiðarvirkjun árið 2016 þar sem það binst varanlega eða rúmlega 20% af árlegri koltvíoxíðslosun frá virkjuninni árið 2016.

MARKMIÐ:

Auka fjölbreytta nýtingu virkjana Orku náttúrunnar með því að gera jarðhitaloftegundir markaðshæfar eftir því sem hagkvæmt er.

Losun koltvíoxíðs frá Nesjavallavirkjun og Hellisheiðarvirkjun var samtals tæp 41 þúsund tonn árið 2016. Losun vetnis var rúmlega 800 tonn og metans tæp 100 tonn árið 2016. Í viðauka 15 og 16 er að finna yfirlit um losun koltvíoxíðs, vetnis og metans frá Hellisheiði og Nesjavöllum.

Á Nesjavöllum dró úr losun koltvíoxíðs á orkueiningu á árunum 2000 til 2006 og árið 2016 á Hellisheiði frá árunum 2007 til 2013 og 2015 til 2016 (mynd 12). Þetta skýrist að hluta til af því að á fyrri hluta rekstrartíma virkjananna eru nýjar holur láttnar blása til að mæla afköst þeirra.

Undanfarin ár hefur áhugi Orku náttúrunnar, OR, vísindamanna og mögulegra viðskiptavina aukist á því að nýta jarðhitaloftegundir, sjá kafla um aðgang að fjölbreyttri notkun háhita.

Gas í grjót

Í júní 2016 birtist grein í Science sem er eitt útbreiddasta og þekktasta vísindatímarit heims. Greinin fjallar um CarbFix loftslagsverkefnið sem unnið hefur verið að við Hellisheiðarvirkjun frá árinu 2007. Á íslensku ber verkefnið heitið Gas í grjót. Markmið þess er að draga úr útblæstri koltvíoxíðs frá virkjuninni með því að dæla því, uppleystu í vatni, niður í berglög í nágrenni hennar og binda það þar varanlega í föstu steindaformi. Um 6.400 tonnum af koltvíoxíði var veitt niður í jarðlög árið 2016 eða rúmlega 20% af því koltvíoxíði sem virkjunin losaði. Niðurstöður gefa til kynna um 95% steindabindingu innan tveggja ára frá niðurdælingu en ekki öldum eða árþúsundum síðar eins og áður hefur verið talið. Koltvíoxíð binst því hratt og varanlega í basaltjarðlögum.

Vissir þú?


Í júní 2016 birtist grein í Science sem er útbreitt og þekkt vísindatímarit. Greinin fjallar um CarbFix loftslagsverkefnið sem unnið hefur verið að við Hellisheiðarvirkjun frá árinu 2007.

Niðurstöður verkefnisins, aðferðafræði og tæknibúnaður hafa nýst beint í það verkefni að hreinsa brennisteinsvetni úr útblæstri frá Hellisheiðarvirkjun, sjá kafla um losun brennisteinsvetnis. Verkefnið er dæmi um samstarf íslensks fyrirtækis og háskóla, beggja vegna Atlantshafsins sem var forsenda þess að hugmyndin gat þróast yfir í raunverulegt verkefni sem nýtist atvinnulífinu.



Bergur Sigrússon sérfræðingur í CarbFix verkefninu í viðtali við PBC News Hour. Ljósmynd: Skjaskot úr myndbandi á vef PBC News Hour.

LOSUN KOLTVÍSÝRINGS Á ORKUEININGU



Mynd 12. Losun koltvíoxíðs á orkueiningu frá Hellisheiðarvirkjun 2007-2016 og frá Nesjavallavirkjun 1999-2016. Töluverður munur er á losun frá virkjununum sem skýrist meðal annars af breytileika á gasmagni milli svæða.

Jarðskjálftar vegna losunar jarðhitavatns

Skjálftahrina hófst á Húsmúlasvæðinu við Hellsheiðarvirkjun um miðjan september 2016 og varð skjálfta vart í byggð. Engar breytingar voru gerðar á niðurdælingarveitu virkjunarinnar í aðdraganda þessarar hrinu. Jarðskjálftamælum hefur verið fjölgað til að geta betur greint staðsetningu jarðskjálfta vegna niðurdælingar.

MARKMIÐ:

Jarðskjálftar sem hugsanlega tengjast niðurdælingu á jarðhitavatni valdi sem minnstum óþægindum og aldrei tjóni.

Niðurdæling getur valdið skjálftavirkni, svokallaðri örvaðri skjálftavirkni. Það er vel þekkt á niðurdælingarsvæðum Hellsheiðarvirkjunar einkum á Húsmúlasvæðinu. Skjálftarnir eru svokallaðir gikkskjálftar og verða þegar niðurdælingin losar spennu sem hlaðist hefur upp í jarðlögum vegna jarðskorpuhreyfinga. Orka náttúrunna vinnur eftir verklagi sem miðar að því að lágmarka hættu á örvuðum jarðskjálftum á svæðinu.

Á fyrri hluta árs 2016 voru sendar úr tvær tilkynningar til skjálftavaktar Veðurstofu Íslands og Almanna- og Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra

vegna breytinga á niðurdælingu. Smáskjálftar mældust í tengslum við þessar breytingar eins og búast mátti við en enginn var það stór að hann fyndist í byggð.

Aðfaranótt 17. september hófst skjálftahrina á Húsmúlasvæðinu við Hellsheiðarvirkjun (viðauki 20). Fjórir skjálftar yfir ML 3 að stærð urðu í hrunni. Reynslan af rekstri niðurdælingarveitu Hellsheiðarvirkjunar er sú að skjálftar geta orðið við skyndilegar breytingar í rekstrinum. Skoðun á rekstri niðurdælingarveitunnar í tengslum við skjálftahrinuna í september leiddi í ljós að engar breytingar voru

gerðar í aðdraganda þessarar hrinu. Nokkur umfjöllun varð í fjölmiðlum í kjölfar skjálftahrinnar.

Sex nýir jarðskjálftamælur voru settir upp í sunnanverðum Henglinum haustið 2016. Næmni þessa mælanets er öllu meiri en landsnets skjálftamæla (SIL) á þessu svæði. Nákvæmni í staðsetningu skjálfta og mati á dýpi þeirra mun verða betri með þessu neti og er það mikilvægt til að auka skilning á jarðhitunum og tengslum hans við skjálftavirkni.



Hellsheiðarvirkjun. Niðurdælingarholur við Húsmúla sjást á miðri mynd. Ljósmynd: Gretar Ívarsson.

• Vissir þú?

- Á Hengilssvæðinu mældust tæplega 1.660 skjálftar árið 2016. Upptök flestra þeirra voru við Húsmúla eða um 1.280. Um helmingur skjálftanna við Húsmúla urðu í einni hrinu sem reið yfir um miðjan september. Stærsti skjálfti ársins á Hengilssvæðinu varð í þessari hrinu þann 18. september og mældist stærð hans ML 3,56.

Losun frárennslis frá hreinsistöðvum

Niðurstöður mælinga við jaðar þynningarsvæða í Faxaflóa árið 2016 sýna að fjöldi örvera var undir viðmiðunarmörkum en yfir mörkum á nokkrum stöðum við strandlengjuna. Árið 2016 settu Veitur af stað athugun á því hvaða aðferðir muni henta til að ná örplasti úr skólpi og regnvatni.

MARKMIÐ:

Veitur tryggja að álag innan þynningarsvæða fráveitu sé innan ásættanlegra marka og að mengun við jaðar þeirra og við ströndina fari ekki yfir þau mörk sem sett eru í lögum og reglugerðum. Veitur vakta viðtaka fráveitu í samræmi við ákvæði starfsleyfa.

Útstreymisbókhald fráveitu í Reykjavík

Í útstreymisbókhaldi fyrir hreinsistöðvarnar í Ánanaustum og Klettagörðum í Reykjavík koma fram upplýsingar um útstreymi mengunarefna sem fara yfir viðmiðunargildi upplýsingaskyldu í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 166/2006. Útreikningar eru byggðir á niðurstöðum greininga á sýnum sem tekin eru úr hreinsuðu skólpi fjórum sinnum á ári vegna mælinga á köfnunarefni og fosfór en tvisvar sinnum á ári fyrir snefilefni. Niðurstöður mælinga fyrir árið 2016 er að finna í viðauka 21 og útstreymisbókhald fráveitu við Ánanaust og Klettagarða er birt í viðaukum 22 og 23.

Rannsóknir á álagi í sjó innan þynningarsvæða og við strendur höfuðborgarsvæðisins

Í starfsleyfum skólphreinsistöðva í Reykjavík eru skilgreind þynningarsvæði þar sem örverumengun má vera yfir umhverfismörkum en utan þeirra skal mengun vera undir mörkum (mynd 13). Í starfsleyfunum er kveðið á um að fram fari ítarleg rannsókn á fjögurra ára fresti á áhrifum losunar í sjó. Niðurstöður hafa sýnt að losun skólps hefur lítil sem engin áhrif á gæði sjávar. Veitur munu boða til fundar með Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur um hvort unnt sé að lengja tíma milli viðtaka-rannsókna.

Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólpi og markmiðum Veitna skal fjöldi hitaþolinna örvera utan þynningarsvæða í sjó vera undir 1000 í 100 ml sýni í a.m.k. 90% tilfella. Við fjörur þar sem eru útivistarsvæði eða matvælaframleiðsla í nágrenninu skal fjöldinn vera undir 100 í 100 ml sýni í 90% tilvika. Árið 2016 voru tekin sýni á vegum Veitna til að mæla fjölda hitaþolinna örvera á 11 stöðum við strandlengjuna nálægt yfirföllum og átta sýni við jaðar þynningarsvæða (mynd 13). Sýni voru tekin þrisvar sinnum, í mars, júní og september en ekkert varð af sýnatöku í desember. Mælingarnar koma til viðbótar sýnatöku Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur sem tekur sýni á tíu stöðum innan áhrifarsvæðis fráveitu

Veitna, þar sem auðvelt er að komast í fjöru. Sýnataka heilbrigðiseftirlitsins fer fram einu sinni í mánuði á tímabilinu apríl og fram í október, samtals 70 sýni. Samkvæmt niðurstöðum mælinganna eru sýni í yfir 90% tilvika undir viðmiðunarmörkum nema sýni fyrir saurkóligerla (85%) á nokkrum stöðum við ströndina (tafla 6).

Örplast í skólpi

Nokkur umræða hefur verið um örplast í skólpi í kjölfar rannsóknar á vegum Matis þar sem losun örplasts í skólpi frá hreinsistöðvunum við Klettagarða og í Hafnarfirði var metin. Niðurstaða rannsóknarinnar var m.a. sú að hreinsistöðvarnar ná að hreinsa lítið af örplasti miðað við hreinsistöðvar sem skoðaðar voru í Svíþjóð og Finnlandi. Rannsóknir á örplasti í sjó eru takmarkaðar á heimsvísu. Þó sýnir sænsk rannsókn að stærstu upptök örplasts komi með ofanvatni frá vegum, t.d. malþiksagnir, gúmmiagnir úr dekkjum og plast úr vegmálningu. Ennfremur berist örplast í fráveituna frá gúmmi sem notað er á gervigrasvelli, vegna þvotta á gerviefnum, frá veiðarfærum, frá iðnaði og frá snyrtivörum. Þetta er ekki tæmandi upptalning.

Árið 2016 settu Veitur af stað athugun á því hvaða hreinsiaðferðir muni henta til að ná örplasti úr skólpi í hreinsistöðvunum í Reykjavík og hvað það komi til með að kosta. Ennfremur er Nýsköpunarmiðstöð Íslands að fara yfir þær rannsóknir sem þegar hafa verið gerðar um örplast í skólpi til að fá betri skilning á þessu vandamáli. Ráðast þarf í frekari rannsóknir til að greina hvers konar aðferðir geti nýst til að draga úr losun örplasts þar á meðal fræðslu til almennings.

Í nóvember stóðu Vatns- og fráveitufélag Íslands og Samorka fyrir málþingi um örplast í skólpi. Á málþinginu var fjallað um þá þekkingu sem til er um málefnið hér á landi, um upptök og afdrif örplasts í skólpi og mögulegar hreinsiaðferðir til verndar lífríkis í viðtaka skólps. Niðurstaða málþingsins var m.a. 1) að athuga þurfi frekar hvernig megi hindra að

Vissir þú?

Í árdaga fráveitunnar í Reykjavík voru opin ræsi meðfram götum. Ræsið í Austurstræti var kallað „Gullrennan“ því það þótti dýr framkvæmd. Við endann á ræsinu var loka sem hægt var að opna og skola út úr því þegar sjávarstaða var há.


örplast berist í fráveituna, 2) að líklega berist mest af örplasti í fráveitu með ofanvatni sem fer ekki allt í gegnum hreinsistöð og 3) að full fyrsta þreps hreinsun á skólpi muni að öllum líkindum skila ríflega 90% hreinsun á örplasti sem berst í hreinsistöðvar.

Lífrænar hreinsistöðvar á Vesturlandi

Í Borgarfirði reka Veitur fjórar lífrænar hreinsistöðvar, á Bifröst, Hvanneyri, Varmalandi og í Reykholti. Í stöðvunum eru gerðar rannsóknir á skólpi fjórum sinnum á ári í samræmi við starfsleyfi. Sýni eru tekin úr útrennsli stöðvanna og/eða viðtaka og mældar svifagnir, fíta, COD, fosfór, nitur, saurkóligerlar og saurkokkar. Gildi úr sýnatökum ársins 2016 voru undir tilskildum mörkum nema í tilfelli saurkóligerla og saurkokka sem voru í mörgum tilfellum yfir mörkum á Bifröst, Hvanneyri og Reykholti. Auk þess mældust svifagnir yfir viðmiðunarmörkum í einu sýni við Varmaland. Undanfarin ár hefur verið reynt að finna skýringar á fjölda örvera í viðtaka í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. Enn hafa ekki fundist viðhlítandi skýringar á örverumenguninni en áfram verður unnið að því að leita leiða til úrbóta.

Blágrænar ofanvatnslausnir

Regni sem fellur til jarðar í þéttbýli er yfirleitt veitt til sjávar um fráveitukerfi. Í mikilli úrkomu eða asahláku geta kerfin yfirflýst sérstaklega í eldri íbúðarhverfum og vegna þéttingar byggðar þar sem álag eykst. Þetta getur valdið flóðum með tilheyrandi áhrifum á mannvirki og vistkerfi. Reynsla í nágrenna-löndunum hefur sýnt að með blágrænum ofanvatnslausnum léttir álagi af fráveitukerfinu, þær draga úr mengun í ám og vötnum þar sem unnt er að safna mengunarefnum og fjarlægja þau þar sem ofanvatn sigur niður. Íbúar kunna að meta fjölskrúðuga umhverfi þar sem slíkum lausnum hefur verið beitt. Það er í skoðun Veitna að nýta blágrænar ofanvatnslausnir í samstarfi við sveitarfélög, þar sem draga þarf úr álagi regnvatns á fráveitulagnir.



Mynd 13. Veitur annast uppbyggingu og rekstur fráveitu í Reykjavík. Frárénni frá Kópavogi, Mosfellsbæ og stærstum hluta Garðabæjar og Seltjarnarness er hreinsað í skólphreinsistöðvum við Klettagarða og Ananaust. Þynningarsvæði fyrir útrásir skólphreinsistöðvanna og staðsetning sýnatökustaða koma fram á myndinni.

GÆÐI SJÁVAR

GÆÐI SJÁVAR VIÐ STRÖNDINA

Sýnatökur	Hitapólnar örverur		2012	2013	2014	2015	2016
HER og Veitur	Saurkóligerlar	%	97	90	86*	92*	85*
	Saurkokkar	%	99	99	95*	96*	95*

GÆÐI SJÁVAR VIÐ JAÐAR ÞYNNINGARSVÆÐA

Sýnatökur	Hitapólnar örverur		2012	2013	2014	2015	2016
Veitur	Saurkóligerlar	%			97	97	100
	Saurkokkar	%			100	100	100

*Árin 2014 og 2015 tóku Veitur sýni sem bæst við þau sýni sem Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) tekur og eru niðurstöðurnar sýndar í töfunni.

Tafla 6. Hlutfall (%) sýna sem mældust undir viðmiðunarmörkum þ.e. undir 100 í 100 ml sýni við fjöruborð í Reykjavík og undir 1000 í 100 ml sýni við jaðar þynningarsvæða árið 2012-2016.

Losun frárennslis um yfirföll

Losun frárennslis um yfirföll var innan marka á höfuðborgarsvæðinu nema í Faxaskjólí

MARKMIÐ:

Notkun yfirfalla til að mæta álagi vegna ofanvatns sé minni en 5% af árinu og að neyðaryfirföll séu ekki virk.

Samkvæmt reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ er heimilt að miða við að ofanvatn fari um yfirföll allt að 5% af árinu eða þegar blandað skólþ með hitaveitu- eða ofanvatni er a.m.k. í hlutföllum einn á móti fimm. Árið 2016 var losun frárennslis um yfirföll á höfuðborgarsvæðinu innan viðmiðunarmarka sem Veitur hafa sett sér nema í Faxaskjólí þar sem yfirfallið var virkt 7,1% af tíma ársins (mynd 14). Yfirleitt verða ummerki um mengun þegar neyðaryfirföll opnast. Neyðaryfirfall í Skeljanesi var virkt um 1,6% af árinu og opnaðist títrekað vegna mikillar úrkomu fyrstu mánuði ársins og í október 2016. Sendar voru út um tíu tilkynningar til leyfisveitenda vegna rennslis á yfirfall.


Hluti lagnakerfis milli Skeljaness og Faxaskjólis og kerfið milli Faxaskjólis og Boðagranda annar ekki aðrennslis á mestu álagstímum. Unnið er að skoðun á kerfinu í heild til að leita svara við því hvar regnvatn berst inn í það og hvar auka þurfi flutningsgetu. Frumniðurstöður sýna að ekki er um einn stóran innleka að ræða, heldur eru margir minni innlekar í upplandinu. Frekari rannsóknir þarf til að kortleggja vandann.

Ástandið í Skeljanesi er áhyggjuefni vegna nálægðar við ylströndina í Nauthólsvík.

Vissir þú?

Fráveitukerfin eru hönnuð þannig að skólpið fari á yfirfall í dælustöðvum þegar úrkoma er mjög mikil. Þegar þannig háttar er skólpið mjög útpynnt af regnvatni. Þessi ráðstöfun kemur í veg fyrir að skólþ og regnvatn flæði inn í mannvirki í mikilli úrkomu og hláku.

LOSUN UM YFIRFÖLL



Mynd 14. Yfirfallstími í dælustöðvum og yfirföllum fráveitu Veitna á höfuðborgarsvæðinu 2012-2016. 5% viðmið er sýnt með rauðri línu. Upplýsingar úr ræsi við Kringlumýri og Rauðará eru ekki tiltækar vegna bilunar í mælum





Áhrif í samfélaginu

Samstæða OR er stórt fyrirtæki á landsvísu og þar býr mikil þekking og reynsla á hagnýtingu jarðvarma og öðrum þáttum í starfsemi fyrirtækisins. Samstæðan miðlar þekkingu og beitir áhrifum í virðiskeðjunni sem hvetur til ábyrgrar umgengni við umhverfið og jákvæðra samfélagsáhrifa.

Miðlun þekkingar á hagnýtingu jarðvarma og öðrum þáttum í starfseminni

Vísindadagur samstæðu OR var haldinn í þriðja sinn árið 2016. Verkefnið „Gas í grjót“ vakti heimsathygli þegar grein birtist um niðurstöður þess í tímaritinu Science. Starfsmenn héldu fjölbreytt erindi um starfsemi samstæðunnar á fundum og alþjóðlegum ráðstefnum.

MARKMIÐ:
Upplýsingar sem eru gagnlegar öðrum og ógna ekki veitukerfi samstæðu OR eða viðskiptahagsmunum verði aðgengilegar. Þetta á til dæmis við um skýrslur, greinar og kynningar eftir því sem mögulegt er og útgefið kynningarefni.

Starfsmenn OR og dótturfélaga búa yfir mikilli þekkingu um vinnslu og dreifingu á orku og vatni til íbúa og fyrirtækja. Mikilvægt er að miðla þessari hagnýtu kunnáttu sem getur hvatt til ábyrgðar umgengni við umhverfið og jákvæðra samfélagsáhrifa.

Miðlun þekkingar innanlands

Framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur hélt erindi á UT-messunni í febrúar um það hvernig Ljósleiðarinn gæti leikið lykilhlutverk í snjallvæðingu á heimilum landsmanna og í innviðum landsins.

Vísindadagur samstæðu OR var haldinn í þriðja skiptið á sjálfan pí-daginn, þann 14. mars 2016. Tilgangur Vísindadagsins er fyrst og fremst að kynna rannsóknir sem unnar eru fyrir og í samstarfi við OR og dótturfélög. Að þessu sinni voru haldin 25 erindi um niðurstöður rannsókna- og vísindaverkefna, þar sem jarðhitanyting hér á landi og áhrif hennar voru áberandi. Um 120 gestir sátu Vísindadaginn og kveikt var á netstreymi frá viðburðinum yfir 500 sinnum.

Íslenska vatnafræðinefndin og íslenska UNESCO-nefndin héldu fund í tilefni af alþjóðlega degi vatnsins í mars. Yfirskrift dagsins var vatn og störf og hélt umhverfisstjóri erindi um það að veita vatni, vatnsvernd og nýtingu þess.

OR var meðal helstu bakhjarla alþjóðlegra jarðhitaráðstefnunnar Iceland Geothermal Conference, sem fram fór í Hörpu í apríl. Á ráðstefnunni kom fram fjöldi fræði- og fagfólks á sviði jarðvarmanýtingar á heimsvísu. Starfsmenn OR samstæðu sáu um fundarstjórn í tveimur málstofum, tveir fluttu fyrirlestra og enn fleiri sáu um að manna kynningarbása fyrirtækjanna.

Árbæjarskóli hefur verið í samstarfi við OR og dótturfélög frá haustinu 2015 með verkefnið „Iðnir og tækni“ og var fyrsti hópurinn útskrifaður vorið 2016. Verkefnið hefur það markmið að vekja áhuga nemenda á iðn- og tæknistörfum og kynna fyrir þeim þau fjölbreyttu störf og starfstækifæri sem iðn- og tækninám hefur upp á að bjóða. Margir starfsmenn Veitna, Gagnaveitu Reykjavíkur, Orku náttúrunnar og Orkuveitu Reykjavíkur koma að kennslunni og miðla efninu af áhuga og þekkingu.

Fagfundur Samorku um raforkumál var haldinn í maí. Um 20 erindi voru haldin á fundinum og þar af héldu átta starfsmenn samstæðu OR erindi eða stýrðu umræðum.

Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, hélt málþing í september um loftslagsmarkmið fyrirtækja þar sem tveir starfsmenn samstæðu OR tóku þátt í pallborði.

Norræna vatnsveituráðstefnan 2016 var haldin í Reykjavík í september. Um 40 erindi voru haldin á ráðstefnunni og þar af héldu fimm starfsmenn samstæðu OR erindi eða stýrðu umræðum.

Veitur stóðu fyrir þemadögum fyrir hvern miðil: heitt og kalt vatn, rafmagn og fráveitu þar sem umfjöllunarefnið var kynnt á myndböndum. Sett var inn fræðsluefni á heimasíðu Veitna og á samfélagsmiðla í tilefni af alþjóðlega klósettdeginum í nóvember var útbúið myndbandið „Blautþurrkan er martröð í pipunum“ sem vakti athygli í ljósvakamiðlum.

Í nóvember var haldin ráðstefna á vegum Samorku og Íslandsbanka um rafbilavæðingu. Starfsmaður Orku náttúrunnar hélt erindi. Ennfremur var haldið málþing GEORG, sem er alþjóðlegur rannsóknarklasí í jarðhita. Þrjú starfsmenn OR héldu þar erindi eða tóku þátt í pallborði.

Átak hefur verið gert í notkun samfélagsmiðla meðal fyrirtækja innan OR samstæðunnar. Markmið aukins sýnileika á samfélagsmiðlum er að dreifa víðar og betur upplýsingum og þekkingu um starfsemina, veita viðskiptavinum betri þjónustu, efla vörumerkjavitund og ímynd, fræða og skemmta.

Fjórir opnir kynningarfundir voru haldnir árið 2016 í höfuðstöðvum samstæðu OR, þar sem haldin voru 15 erindi um ýmsa þætti í starfsemi hennar.

Nýsköpunar og þróunarverkefnið CarbFix og SulFix vöktu áfram athygli á heimsvísu. Brugðist var við aukinni umfjöllun með því að gera betur grein fyrir þeim í kynningarefni á vegum samstæðu OR. Á íslensku bera verkefnið nú sameiginlega heitið „Gas í grjót“. Jarðhitasýning Orku náttúrunnar í Helliðarvirvirkjun var uppfærð í ljósi þeirrar velgengni og athygli á alþjóðavísu sem verkefnið hafa notið. Gert var stutt myndband um það helsta sem snýr að verkefni.

Sérfræðingar frá OR og dótturfélögum hafa kennt, flutt fyrirlestra og leiðbeint nemum í starfsnámi og lokaverkefnum í Háskóla Íslands, Iceland School of Energy í Háskólanum í

Vissir þú?

- Árið 2016 sendu sjö erlendir fjölmiðlar fréttateymi til landsins til þess að ræða við vísindamenn og sérfræðinga OR og dótturfélaga um CarbFix loftslagsverkefnið

Reykjavík og við Jarðhitaskóla Sameinuðu Þjóðanna.

Miðlun þekkingar erlendis

Sérfræðingar frá OR voru þátttakendur á málþinginu Stanford Geothermal Workshop, sem fram fór í Kaliforníu í febrúar 2016. Þar voru flutt erindi um reynslu af rekstri jarðvarmavirkjana og þær áskoranir sem tekist hefur verið á við í tengslum við orkuvinnslu og forðagæslu jarðhitakerfanna á Hengillssvæðinu.

Í júní 2016 birtist grein í Science sem er eitt útbreiddasta og þekktasta vísindatímarit heims. Greinin fjallar um CarbFix loftslagsverkefnið sem unnið hefur verið að við Helliðarvirvirkjun frá árinu 2007. OR og síðar Orka náttúrunnar hafa verið helstu bakhjarlar verkefnisins frá því til þess var stofnað. Að því hefur komið fjöldi vísindamanna auk iðnaðarmanna og tæknifólks OR og síðar einnig Orku náttúrunnar. Tugir greina tengdar verkefnum hafa verið birtar og erindi á ráðstefnum og málþingum skipta hundruðum. Bandaríska sjónvarpsstöðin PBS birti ítarlega umfjöllun um verkefnið og sendi fréttateymi til landsins í þeim tilgangi að ræða við vísindafólk samstæðu OR. PBS er ein af stærri sjónvarpsstöðvum í Bandaríkjunum og er efni hennar dreift af um 350 smærri sjónvarpsstöðvum í landinu.

OR átti fulltrúa á ráðstefnunni World Energy Congress í Istanbul í Tyrklandi í október 2016 þar sem framkvæmdastjóri Þróunarsviðs OR hélt erindi um CarbFix verkefnið á fundi um „afkolefnavæðingu“ orkunýtingar í framtíðinni og hlutverk föngunar og geymslu kolefnis, sem er einmitt kjarni verkefnisins

Tveir starfsmenn Veitna héldu erindi um mikilvægi vatnsverndar og reynslu fyrirtækisins af vinnslu heilnæms og ómeðhöndlaðs drykkjarvatns á ráðstefnunni National Water and Wastewater Conference, sem haldin var í nóvember 2016 í Toronto í Kanada.

Loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna, COP22, var haldin í nóvember 2016. Á upplýsingafundi loftslagsráðstefnunnar flutti framkvæmdastjóri Þróunarsviðs OR erindi um þær aðferðir sem beitt er við að binda jarðhitagöð í grjót við Helliðarvirvirkjun og eru miklu hraðvirkari en hefðbundnar aðferðir og talsvert ódýrari. Ennfremur hélt umhverfisstjóri OR erindi um aðdraganda þess að farið var að binda gas í grjót við Helliðarvirvirkjun árið 2007 og setti það í samhengi við þróun jarðhitanytingar OR og Orku náttúrunnar. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið stóð að skipulagningu upplýsingafundarinnar í samstarfi við OR og utanríkisráðuneytið.

Innkaup

Móðurfélag OR er stofnfélagi í Innkaupanetinu og er stuðst við umhverfismerkingar í innkaupum á rekstrarvörum eins og pappír og ræstivörum.

MARKMIÐ:

Tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við innkaup þegar því verður komið við, t.d. með greiningu á líftímakostnaði og notkun viðurkenndra umhverfisskilyrða og gátlista. Innkaup séu skipulögð og samræmd með hliðaráhrif í huga, t.d. flutninga og umbúðamagn.

Innkaup OR og dótturfélaga á vörum og þjónustu eru umfangsmikil, sérstaklega hvað varðar hitaveiturör og rafmagnsbúnað. Þörf á innkaupum er markvisst greind hjá fyrirtækjunum og kappkostað að nýta vel aðkeypt efni og efni í birgðum eða koma því í verð. Til marks um það var nýting á eldri birgðum góð árið 2016 og eftirstöðvar gamalla birgða lækkuðu um 2%.

OR er stofnfélagi í Innkaupanetinu sem er hópur fyrirtækja sem vill draga úr umhverfisáhrifum með vistvænum innkaupum. Stuðst er við umhverfismerkingar í innkaupum á rekstrarvörum til dæmis pappír og ræstivörum og ber fyrirtækjunum að skila inn upplýsingum um umhverfismerkt innkaup í apríl ár hvert. Um 70% af innkaupum ársins 2015 á ljósritunarpappír, umslögum, prentgripum, ræstiefni, rittföngum og prenthylkjum voru umhverfismerkt. Prenturum með

prentstýringu hefur fjölgað jafnt og þétt og hefur prentun og ljósritun á mann dregist saman um 33% frá árinu 2012 og hefur staðið í stað undanfarin tvö ár. Árið 2016 var stefnt að því að aðgreina vistvænar vörur frá öðrum vörum á reikningum birgja í þeim vöruflokkum sem skilgreindir eru í Innkaupanetinu. Þetta var skoðað en ákveðið að leggja verkefnið til hliðar í ljósi þess hversu flókið það var.

Hjá samstæðu OR og dótturfélögum hafa birgjar ekki verið skimaðir eftir umhverfisvísunum. Fyrirtækin hafa ekki undir höndum mat á mögulegri eða raunverulegri hættu á neikvæðum umhverfisáhrifum í aðfangakeðju þeirra eða viðbrögð við slíkum áhrifum.

Árið 2016 var haldið áfram að byggja upp þekkingu á vistvænum innkaupum hjá OR.


Vissir þú?

Árið 2016 var hætt að senda álagningarsæðla á pappír nema til þeirra viðskiptavina sem eru 67 ára og eldri. Ennfremur var gert átak í að fækka þeim sem fá orku-reikninga á pappír. Hefur notkun pappírs og umslaga vegna orkureikninga og vatns- og fráveitugjalda dregist saman um 29% frá byrjun árs 2016.



Mynd 15. „Hlaðan“ við höfuðstöðvar OR. Ljósmynd: Einar Örn Jónsson.





Reksturinn

Rekstur samstæðu OR byggir á skipulegum og öguðum vinnubrögðum margra starfsmanna á dreifðum starfsstöðvum. Daglegt starf felst meðal annars í því að nýta vel aðföng, vanda til mannvirkja, hirða vel um lóðir og lendur, meðhöndla úrgang á ábyrgan hátt og hvetja til vistvænni samgangna. Samstæða OR vill vera til fyrirmyndar í starfsemi sinni og efla hæfni starfsfólks í þeim efnum.

Úrgangur

Almennt hefur vitund starfsfólks um flokkun úrgangs og endurvinnslu verið góð og er þróunin í rétta átt.

MARKMIÐ:

Úrgangur sé sem minnstur, hann endurnýttur eftir því sem kostur er og óverulegt magn af virkum úrgangi urðað.

Mikið af úrgangi fellur til í starfsemi OR og dótturfélaga og er honum skipt í þrjá flokka eftir meðhöndlun:

- Úrgangur til urðunar (til dæmis almennur úrgangur og fráveituúrgangur).
- Úrgangur til endurvinnslu.
- Spilliefni.

Hingað til hafa verið birtar í umhverfisskýrslum sameiginlegar tölur um magn úrgangs frá OR, dótturfélögum og leigjendum. Þessi umfjöllun hefur nú verið bætt þannig að fram kemur hve mikið af úrgangi fellur til við starfsemi hvers fyrirtækis innan samstæðu OR að frátöldum þeim fyrirtækjum sem leigja húsnæði í höfuðstöðvum samstæðu OR að Bæjarhálsi. Almennt hefur vitund starfsfólks um flokkun úrgangs og endurvinnslu verið góð og er þróunin í rétta átt.

Heildarmagn úrgangs nam um 1.400 tonnum árið 2016 og var hlutur úrgangs úr hreinsistöðvum fráveitu mestur, rúmlega 700 tonn, eða rúmlega 50% heildarmagnsins (mynd 16). Asbest til urðunar jókst verulega milli ára eða úr 19 í tæplega 300 tonn og var rúmlega 20% af heildarmagninu. Annar úrgangur en fráveituúrgangur og asbest var tæp 400 tonn þar af var almennur og grófur úrgangur rúmlega 100 tonn. Úrgangur til endurvinnslu var rúm 250 tonn og spilliefni tæplega 12 tonn. Í viðaukum 24 og 25 má sjá hvernig úrgangur skiptist á milli úrgangsflokka og starfsstöðva. Asbest til urðunar jókst árið 2016 vegna aukinna framkvæmda við Deildartungulögn. Einnig hafa almennur úrgangur og spilliefni aukist en það á einnig við úrgang til endurvinnslu.

Eins og komið hefur fram í kafla um losun brennisteinsvetnis hefur brennisteinsvetni

Vissir þú?


- Samkvæmt loftslagsmarkmiðum OR og dótturfélaga til ársins 2030 er áætlað að 90% úrgangs frá skrifstofum verði endurunninn en hann er í dag um 80%.

og koltvíoxíði verið dælt niður í berglög á 1.000 m dýpi með eftirtektarverðum árangri síðastliðin ár. Þessar jarðhitaloftegundir eru vissulega úrgangur sem fellur til við orkuvinnslu á jarðhitasvæðum og vert að nefna að með niurdælingunni er verið að hlífa andrúmslofti jarðar við þeim neikvæðu áhrifum sem losun þeirra getur haft í för með sér. Frá árinu 2014 hafa um 13.000 tonn af koltvíoxíði og um 7.000 tonn af brennisteinsvetni verið bundin í berglög með þessum hætti.

Árið 2016 voru teknar saman upplýsingar til birtingar í umhverfisskýrslu um mól, jarðveg og malbik sem til fellur og er fargað vegna framkvæmda (viðauki 24).

Með því að flokka úrgang og skila honum til endurvinnslu getum við hvert og eitt lagt okkar af mörkum og haft jákvæð áhrif á umhverfið.

ÚRGANGUR



Mynd 16. Úrgangur frá starfsemi OR og dótturfélaga árin 2012-2016. Fráveituúrgangur til urðunar dróst saman um 50% eftir að farið var að þvo ristaruðgang og sand í hreinsistöðvum fráveitunnar í byrjun árs 2015. Asbest til urðunar jókst árið 2016 vegna aukinna framkvæmda við Deildartungulögn.

Samgöngur

Árið 2016 hófust verkefni innan samstæðu OR til að auka hlut vistvænna samgangna í samfélaginu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Um 95% starfsmanna eru mjög eða frekar hlynnt vistvænum samgöngumáta. Orka náttúrunnar hlaut hæsta styrk sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið veitti árið 2016 til uppbyggingar innviða fyrir rafvæðingu samgangna á Íslandi.

MARKMIÐ:

Samgöngur vegna reksturs OR og dótturfélaga losi sem minnst af gróðurhúsalofttegundum með því að velja hverju sinni þau samgöngutæki sem minnst losa og teljast hagkvæmur og hentugur kostur fyrir reksturinn. Starfsfólk sé hvatt til að velja vistvæna samgöngumáta á leið til og frá vinnu. OR og dótturfélög taki virkan þátt í að safna reynslu og miðla þekkingu um fyrirsjáanlega breytingu á orkugjöfum samgangna.

Stefna um vistvænar samgöngur

Vorið 2016 var samþykkt stefna um vistvænar samgöngur hjá OR og dótturfélögum. Samstæðan ætlar að vera í fararbroddi í vistvænum samgöngum með því að ganga fram með góðu fordæmi, með þróun og uppbyggingu innviða og með því að nýta afurðir sínar til framleiðslu vistvænna orkugjafa. OR og dótturfélög lita á það sem samfélagslega skyldu sína að að nýta þekkingu sína og burði til að sinna verkefnum á borð við þetta.

Verkefni til að auka hlut vistvænna samgangna

Hrint var úr vör verkefnum innan samstæðu OR til að auka hlut vistvænna samgangna í samfélaginu því ljóst er að fyrirtækin hafa tækifæri til að láta gott af sér leiða í þeim efnunum. Yfirmarkmiðið er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum á Íslandi.

Markmið verkefnanna eru meðal annars þessi:

- OR og dótturfélög verði til fyrirmyndar og síni að vistvænar bifreiðar eigi vel við á Íslandi.
- Lágmarka losun gróðurhúsalofttegunda frá bílafloata fyrirtækisins með tímasettri áætlun um endurnýjun hans.
- Endurmeta hönnunarforsendur rafdreifikerfa svo nægjanleg flutningsgeta sé til staðar til þess að mæta þörfum rafvæðdra samgangna.
- Þarfir vistvænna samgangna verði hafðar að leiðarljósi við endurnýjun og þróun rafdreifikerfa.
- Samstæða OR hafi frumkvæði að því að auka umfjöllun vísindasamfélagsins um vistvænar samgöngur með því að gera öll gögn fyrirtækisins um slíkt aðgengileg nemendum og vísindamönnum, auk þess að hvetja til aukinna rannsókna og úrvinnslu.
- Efla markaðssetningu og uppsetningu á hleðslumöguleikum fyrir rafbílaeigendur á landsvísi.
- Greina og koma á framfæri þeim möguleikum sem eru við jarðgufuvirkjanir til eldsneytisframleiðslu.


- Safna saman, þróa og koma á framfæri upplýsingum um rafbíla og hleðslu þeirra í heimahúsum, hjá fyrirtækjum og opinberum aðilum.
- Auðvelda starfsfólki OR og dótturfélaga að nýta vistvænar samgöngur til og frá vinnu og í einkalífi með fræðslu og aðstöðusköpun.
- Auka framboð á vistvænu eldsneyti fyrir bílafloata.

Vistvæn ökutæki hjá OR og dótturfélögum

Sett hefur verið fram áætlun um endurnýjun bílafloata OR og dótturfélaga fram til ársins 2030. Markmiðið er meðal annars að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda um rúmlega 75%.

Frá árinu 2013 hefur hlutfall ökutækja og vinnuvéla hjá OR og dótturfélögum sem knúin eru með endurnýjanlegum orkugjöfum eins og metani, vetni og rafmagn aukist úr 15% í 37% árið 2016 (mynd 17). Árið 2016 voru 65 loftslagsvænir bílar hjá samstæðu OR, þar af 21 rafmagnsbíll, 2 tengiltvinnbílar og 19 metanbílar. Í viðauka 27 er skrá yfir bílafloata fyrirtækisins frá árinu 2012 til 2016. Eldsneytisnotkun eigin bíla fyrirtækisins og þeirra bíla sem eru leigðir er sýnd fyrir sama tímabil í viðauka 28.

SAMSETNING BÍLAFLOTA 2016



Mynd 17. Samsetning bílafloata OR árið 2016. Heföbundnir bílar sem knúin eru bensini og díselolíu voru 63% og loftslagsvænir bílar voru 37%, þar af voru tvinnbílar 11%, bílar knúin metani 11%, rafmagn 12%, dísel 2% og tengiltvinnbílar 1%.

Vissir þú?

Bíll sem er á hreyfingu býr yfir hreyfiorku. Til að stöðva bílinn þarf að breyta hreyfiorkunni í annað orkuform. Í venjulegum bensínbíll er þetta gert með því að umbreyta orkunni í varma í bremsubúnaði bílsins. Í rafbíll er orkunni aftur breytt í stöðuorku í rafgeymunum. Einungis þegar bremsa þarf snögglega umbreytist hreyfiorkan í varma. Þannig getur rafbíllinn margnýtt sömu orkuna.

Teknar voru saman upplýsingar um fjölda ekinna kílómetra eigin bíla fyrirtækisins árin 2014 til 2016. Eins og þar sést eru bílar fyrirtækisins að eyða meira eldsneyti á hverja ekna 100 kílómetra árið 2016 en árin á undan (mynd 18). Í lok árs 2016 voru ökuritar settir í bíla OR sem munu t.d. afla nákvæmari upplýsinga um þennan þátt. Árið 2016 voru 0,4 bílar á stöðugildi hjá samstæðu OR og breyttist það ekki frá árinu 2015 (viðauki 26).

Fjöldi rafbíla hér á landi hefur frá því í ársbyrjun 2014 nifaldast. Á sama tíma hefur Orka náttúrunnar opnað 11 hraðhleðslustöðvar fyrir rafbíla á suðvesturhorninu og tvær á Akureyri og hefur þannig verið í forystu um uppbyggingu innviða fyrir rafmagnsbíla (mynd 19). Orka náttúrunnar hlaut hæsta styrk sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið veitti árið 2016 til uppbyggingar innviða fyrir rafvæðingu samgangna.

Aðstaða fyrir rafbíla og rafhjól

Af 430 bílastæðum við höfuðstöðvar OR og dótturfélaga voru árið 2016 alls 33 stæði frátekin fyrir rafmagnsbíla þ.e. hreina rafgeymabíla og tengiltvinnbíla (e. plug-in hybrid). Af þessum stæðum eru sex stæði sem ganga undir heitinu „Hlaðan“ og eru eingöngu ætluð rafmagnsbílum á meðan hleðslu stendur (mynd 15) og það sama gildir um tvö stæði tengd hraðhleðslustöð. Í hjólageymslu starfsmanna er hægt að hlaða rafmagnshjól.

Ferðavenjur starfsfólks í og úr vinnu

Samkvæmt könnun á ferðavenjum starfsfólks OR og dótturfélaga sem gerð var í júní 2016 eru um 95% starfsmanna mjög eða frekar hlynt vistvænum samgöngumáta. Starfsfólk var spurt beint um hindranir í vegi þess að það ferðist með vistvænni hætti. Á þeim niðurstöðum og fleirum byggðist aðgerða-áætlun sem ráðist var í árið 2016 til að auðvelda starfsfólki að ferðast með vistvænum hætti til og frá vinnu.

Í könnuninni í júní 2016 kom í ljós að 66% starfsmanna ferðast mest með einkabíl til vinnu, 15% á reiðhjól og 7% á rafbíl eða rafhjól (mynd 20). Í lok desember 2016 voru um 28% starfsmanna á samgöngustyrk eða um 130 manns. Það var aukning um rúmlega 8% frá síðasta ári.

Ákvæði í samgöngusamningi rýmkuð

Frá því vorið 2015 hafa samgöngusamningar staðið starfsmönnum OR og dótturfélaga til boða. Tilgangur samninganna er að stuðla að vistvænum samgöngum, draga úr umferð á vegum, spara bílastæði við vinnustað og ýta undir hreyfingu og bættu heilsu starfsmanna. Haustið 2016 voru ákvæði samningsins rýmkuð. Nú getur starfsfólk sem fær far í vinnu eða hefur skipulegt samflot í og úr vinnu og starfsfólk á rafmagns- eða metanbíl fengið samgöngustyrk. Um tíu starfsmenn eiga hreina rafmagnsbíla.

Hjól náttúrunnar

Verkefnið „Hjól náttúrunnar“ hófst í júní 2016 og gekk út á að starfsmenn gátu fengið lánað rafhjól viku í senn án endurgjalds. Ráðist var í verkefnið til að vekja athygli á þessum umhverfisvæna ferðamáta og gefa starfsfólki kost á heilsubót um leið og það tekur þátt í orkuskiptum í samgöngum. Um 165 starfsmenn reyndu fyrir sér á rafhjól árið 2016 og um tíu starfsmenn festu kaup á rafmagnshjól í kjölfar þessa átaks.


Fræðsla og þjálfun um vistvænar samgöngur

Á innri vef OR og dótturfélaga er vefhluti sem tileinkaður er vistvænum samgöngum, upp lýsingum og ráðgjöf. Öðru hvoru hafa ráðgjafar og fyrirlesarar verið fengnir til að fjalla um vistvænar samgöngur svo sem hjólaferni, val á reiðskjóta og meðhöndlun þeirra. Sett hefur verið upp áætlun fyrir slíka fræðslu frá hausti 2016 fram á haust 2017. Áætlunin er blanda af verklegum námskeiðum, fyrirlestrum og hvatningarmyndböndum.

Farskjótar í boði fyrir starfsfólk á vinnutíma


OR og dótturfélög tóku nýverið í notkun bíla-leigukerfi sem auðveldar starfsfólki að velja rafbíla til vinnutengdra ferða. Alls eru 65 loftslagsvænar bifreiðar hjá samstæðu OR, þar af 21 rafmagnsbíll. Rafmagnsbíllarnir hafa sér stæði og aðgang að hraðhleðslustöð til að ýta undir notkun þeirra allan daginn. Starfsfólk á samgöngusamningi stendur til boða að leigja rafmagnsbíl, innan ákveðinna marka, í persónulegum erindagjörðum á vinnutíma.

ELDSNEYTISNOTKUN BÍLAFLOTA




Mynd 18. Eldneytisnotkun á ekna 100 kílómetra 2014-2016. Gögnin innihalda ekki hreina rafmagnsbíla og metanbíla.

FJÖLDI BIFREIÐA SEM EINGÖNGU NOTA RAFMAGN OG HRAÐHLEIÐSLUSTÖÐVAR ON



Mynd 19. Fjöldi rafbíla á Íslandi hefur frá því í ársbyrjun 2014 rúmlega nífaldast. Á sama tíma hefur Orka náttúrunnar (ON) komið upp rafhleðslustöðvum til að ýta undir þessa þróun. Gögn frá Umferðarstofu.

FERÐAVENJUR TIL OG FRÁ VINNU



Mynd 20. Niðurstaða könnunar á ferðavenjum starfsmanna í og úr vinnu 2013-2016. Svarhlutfall var 58% árið 2013, 67% árið 2014, 65% árið 2015 og 61% 2016.

Mannvirki og umgengni

Árið 2016 tókst að halda mannvirkjum og lóðum OR og dótturfélaga snyrtilegum. Brugðist var við öllum ábendingum sem bárust vegna umgengni. Árið 2016 voru gefnar út leiðbeiningar um hvernig unnt er að haga endurheimt staðargróðurs í þéttbýli.

MARKMIÐ:

Öll mannvirki og lóðir OR og dótturfélaga skulu vera snyrtileg og falla vel að umhverfi sínu. Hönnun og frágangur mannvirkja og lóða skal vera í samræmi við leiðbeiningar um ásýnd og frágang eftir því sem við á.

Árið 2016 tókst að halda mannvirkjum og lóðum OR og dótturfélaga snyrtilegum. Að jafnaði er ástand mannvirkja og lóða tekið út árlega. Um 75 ábendingar bárust vegna umgengni og var bætt úr þeim öllum en þær beindust helst að veggjakroti.

Áfram var unnið að frágangi lóða við virkjanir Orku náttúrunnar í þeim tilgangi að nýta staðargróður og lágmarka viðhald. Á Helliðshéiði var úthagaplöntum safnað samhliða framkvæmdum og þeim plantað í beð við virkjunina (mynd 21), einnig var lagt malbik og gengið frá gámasvæði. Dregið var úr slætti við Nesjavallavirkjun til að yta undir landnám staðargróðurs. Teknar voru niður girðingar við Nesjavelli og á svæði Veitna við Deildartunguhver í Borgarfirði. Nýjar girðingar verða settar upp við hverinn til að bæta ásýnd og öryggi fólks á svæðinu vorið 2017. Samarið 2016 var úthagagróður nýttur við

frágang við sumarbústað í Hálöndum ofan Akureyrar sem er í eigu starfsmannafélags OR. Stefint er að sams konar frágangi við nýja dælustöð Veitna við Reykjanesbraut í Garðabæ árið 2017 auk annars staðar þar sem við á. OR og dótturfélög hafa það að leiðarljósi að ganga vel um og draga úr raski við framkvæmdir jafnt utan- sem innandyrna hjá viðskiptavinum.

Árið 2016 voru gefnar út leiðbeiningar um hvernig unnt er að haga endurheimt staðargróðurs í þéttbýli til að draga úr þörf á umhirðu þeirra. Greint er frá því hvaða gróður hentar til þessara nota á lóðum en einnig á húspökum. Margir framkvæmdaaðilar hafa sýnt áhuga á því verklagi að nýta staðargróður jafnóðum við frágang vegna framkvæmda og voru gefnar út leiðbeiningar á heimasíðu Orku náttúrunnar árið 2016.

Vissir þú?

Í borgum víða á norðurslóðum er skylt að hafa gróður á þökum nýrra bygginga. Ávinningurinn er fyrst og fremst bætt loftgæði en einnig að stuðla að hringrás vatns og aðlaðandi umhverfi.



Mynd 21. Geldingahnappur í hraunbeði. Ljósmynd: Magnea Magnúsdóttir

Efnanotkun

Árið 2016 var áfram unnið að vitundarvakningu og umbótum á flestum starfsstöðvum OR vegna geymslu, notkunar og förgunar á varasömum efnum.

MARKMIÐ:

Að nota sem minnst af skaðlegum efnum og eyðing þeirra sé með ábyrgum hætti. Auðvelt verði að nálgast upplýsingar um skaðlaus efni sem geta komið í stað hinna skaðlegu.

Helstu varasömu efnin í notkun hjá OR og dótturfélögum eru asbest, grunnefni sem nýtt er í einangrunarfrauð, klór, sýrur og basar, suðugas og jarðhitagas eins og brenni-steinsvetni, olíur og leysiefni. Árið 2016 var ráðist í vitundarvakningu og umbætur á flestum starfsstöðvum OR, t.d. á geymslum fyrir varasöm efni og hvernig staðið er að flokkun og förgun þeirra. Í leiðbeiningum um innkaup og eftirlit með varasömum efnum kemur fram að ávallt skuli hafa í huga við val á varasömum efnum að þau séu sem minnst skaðleg heilsu manna og umhverfi. Lögð er áhersla á það í samtölum og á námskeiðum um varasöm efni.

Haustið 2016 voru haldnir fundir með stjórnendum og starfsfólki OR og dótturfélaga til að kynna fyrirbyggjandi aðgerðir og fyrstu viðbrögð vegna mengunarslysa. Verklag um fyrstu viðbrögð starfsmanna og þjónustu-

vaktarinnar á Bæjarhálsi vegna efnaslysa var uppfært. Síðla árs 2016 var haldin vinnustofa um varasöm efni fyrir starfsmenn samstæðu OR sem nota slík efni. Stefnt er að því að halda fleiri námskeið árið 2017.

OR og dótturfélög losa ekki ósoneyðandi efni vegna starfsemi sinnar.

Gerð er grein fyrir flutningi nokkurra varasamra efna í töflu 7 en einnig í töflu 1 í kafla um verndun neysluvatns.

Fjórar ábendingar frá starfsmönnum vegna varasamra efna árið 2016 þar af tvær vegna oliuleka eða hættu á oliuleka. Efni barst ekki út í umhverfið. Haft var samband við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og ráðist í úrbætur.

Vissir þú?

Árlega fara ábyrgðarmenn á starfsstöðvum samstæðu OR yfir þau varasömu efni sem notuð eru og kanna hvort unnt sé að nýta skaðlaus efni í stað þeirra varasömu.



Nýr og merktur skápur undir sýrur var settur upp á verkstæði Veitna að Bæjarhálsi árið 2016. Ljósmynd: Unnur Jónsdóttir.

FLUTNINGUR Á VARASÖMUM EFNUM

STAÐUR	FLOKKUR	EINING	2015	2016
Nesjavallavirkjun	Olía	lítrar	2.028	0
Olía samtals		lítrar	2.028	0
Hellisheiðarvirkjun	Seyra	kg	16.000	41.000
Nesjavellir	Seyra	kg	51.940	40.900
Vesturland	Seyra	kg	28.760	59.700
Seyra samtals		kg	96.700	141.600
Hellisheiðarvirkjun	Klór	lítrar	13.420	16.800
Nesjavallavirkjun	Klór	lítrar	9.680	2.000
Klór samtals		lítrar	23.100	18.800
Vesturland	Asbest	kg	18.260	297.780
Asbest samtals		kg	18.260	297.780

Tafla 7. Magn asbests sem flutt var til urðunar í Fíflholt á Vesturlandi og seyru á vegum Veitna og magn eldsneytis, klórs og seyru sem flutt var vegna reksturs Orku náttúrunnar á Hengilssvæðinu 2015-2016.

Aðrir umhverfisþættir

Árið 2016 náðust markmið um lágmarksrennsli neðan Andakílsárvirkjunar og vatnsborðssveiflur í Skorradalavatni. Aukin náttúruleg geislavirkni hefur mælst í útfellingum við Hellsisheiðarvirkjun. Um lítið magn er að ræða og hefur Orka náttúrunnar sótt um leyfi fyrir tímabundna geymslu þeirra í allt að þrjú ár en þá er gert ráð fyrir að hægt sé að farga útfellingunum á hefðbundinn hátt.

Hávaði

